Reykjavíkurborg

R16060029

ERINDISBRÉF

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:
Mikil aukning hefur átt sér stað á heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík samhliða verulega auknum ferðamannastraumi. Heimagisting er gisting á heimili leigusala gegn endurgjaldi á meðan íbúðagisting er gisting gegn endurgjaldi í samþykktu íbúðarhúsnæði, án þess að heimilismaður sé viðstaddur. Mikilvægt er að afla heildstæðra upplýsinga um fjölda íbúða í útleigu í Reykjavík, um líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar og hvaða stefnuvalkosti Reykjavíkurborg hefur í málaflokknum.

Samþykktar hafa verið breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða). Í lögunum er gert ráð fyrir að heimagisting verði eingöngu skráningarskyld en samkvæmt núgildandi lögum eru gerðar allar sömu kröfur í umsóknarferli til að öðlast rekstrarleyfi fyrir heimagistingu og gilda um aðra gististaði, svo sem hótel eða gistiheimili.

Helstu verkefni:

1. **Áfangi**

- Kortleggja stöðu heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík.
- Starfshópurinn skoði hvaða valkostir eru til staðar fyrir Reykjavíkurborg í málaflokknum og setji fram drög að stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu, m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðagistingar og heimagistingar. Fjalla skal um heimildir íbúðaeigenda í fjöleignarhúsum til skammtímaleigu og hlutfall íbúða undir slíka starfsemi í fjöleignarhúsum.
- Gerð tillagna um hvernig haga megi eftirliti á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

2. **Áfangi**

- Skoða alþjóðlega þróun heimagistingar og íbúðagistinga og hvað hefur verið gert erlendis til að vernda íbúðabyggð.
- Setja fram spár um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík
- Tillögur um frekari aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokknum, m.t.t. stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu og erlendra fyrirmynda.

Starfshópinn skipa:
Helga Björk Laxdal (formaður), skrifstofu borgarstjórnar.
Halldóra Hrólfsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.
Óskar Torfi Þorvaldsson, umhverfis- og skipulagssviði.
Hrólfur Jónsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.
Áshildur Bragadóttir, höfuðborgarstofu.
Ívar Örn Ívarsson, fjármálaskrifstofu.
Óskar Ísfeld Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsmaður:
Bjarni Þóroddsson, skrifstofu borgarstjórnar.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan Reykjavíkurborgar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:
Starfshópur skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 15. nóvember 2016.

Reykjavík, 19. júlí 2016

Dagur B. Eggertsson

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 22. ágúst 2016 var haldinn fyrsti fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.05. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindisbréf, lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ásamt frumvarpi til breytinga.

2. Fram fer kynning á áætluðum starfsháttum hópsins og helstu verkefnum. Áætlað að hafa fundi vikulega á mánudögum frá 13:00 – 15:00, til skiptis í ráðhúsi og Höfðartorgi. Rætt um hvernig er hægt að tvinna saman þau mismunandi þekkingarsvið sem koma að málaflokknum. Verkefni starfshópsins eru skipt í 2 áfanga. Í 1. áfanga er markmiðið að kortleggja stöðu heimagistingar og íbúðargistingar í Reykjavík; að skoða hvaða valkostir eru til staðar fyrir borgina í málaflokknum; og setja fram drög að stefnu um heimagistingu og íbúðagistingu m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðargistingar og heimagistingar. Í 2. áfanga á að skoða alþjóðlega þróun heimagistingar og íbúðagistingar aðgerðir sem gripið hefur verið til annarsstaðar; að setja fram spár um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir um þróun; og að leggja fram tillögur um frekari aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokknum.

3. Talað um að þekking á viðfangsefninu sé ekki útbreidd, t.d. merking hugtaka. Beðið um yfirlit yfir stöðu þessa mála í öðrum löndum, hvaða aðgerðir/aðferðir eru notaðar þar. Helga ætlar að afla þeirra gagna.
   Reykjavík er eina sveitarfélagið sem er farið af stað í svona vinnu, enda svolítið afmarkað viðfangsefni, bæði við reykjavík og miðborgina sérstaklega.

4. Umræða um breytingar á leyfisveitingum eftir lögum. Lagaumhverfið fyrir leyfisveitingar fyrir gistingu i ´fjölbýlishúsum er óskýrt þar sem lög um leyfisveitingar hafa verið í endurskoðun lengi og dómur héraðsdóms skarast á við áralanga hefð álita kærunefndar fjöleignarhúsamála (nú kærunefnd húsamála). USK segir eftiritið hafa verið mjög vægt og kröfurnar litlar og sýslumaður telur það næstum ómögulegt að hafa eftirlit eftir nýja kerfinu. Helga telur eftirlitsgetuna minnka með nýju lögunum, en eins og staðan er núna þá er mikið af því að eignir til leigu undir flokki 1 ættu með réttu að vera í flokki 2.
   Bent á að eftirlitið í nýja kerfinu fer í gegnum skattkerfið en ekki sýslumann sem gerir lögreglu og sýslumanni að einbeita sér að eftirliti með leyfisskyldri starfssemi.
   Spurt hvernig hækkun fasteignagjalda með heimagistingu virki í núverandi kerfi.
   Það er miðað við hlutfall af fjölda herbergja í húsinu og hlutfall leigutíma á árinu. Fólk er ekkert endilega að gefa upp alla þá starfsemi sem þau stunda í eigninni.

5. Tillaga að því að á næsta fundi verði kynning frá þeim hópum sem hafa verið í gangi og þær kannanir sem gerðar hafa verið á stöðu mála.
   Hugmynd um að búa til yfirlit yfir útgefinn leyfi og eignir sem hægt er að sjá að eru til útleigu og bera saman.

Fundi slitið kl. 15.30

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 29. ágúst 2016 var haldinn 2. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.08. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Haraldur Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Helga Björk tilkynnir að næsti fundur falli niður og að allir eigi að vera tilbúnir með það sem þeir hafa af sínum sviðum fyrir þar næsta fund.

2. Fram fer kynning um regluverkið í kringum gististaði. Hugmyndin á bakvið regluranar er að færa gistingu á stærri götur og hlífa annarri byggð. Reifuð einkenni mismunandi svæða og flokkana. Spurningar vakna um hvort íbúðargisting feli í sér breyting á notkun og hvað felist í meiriháttar breytingu vs. minniháttar
   Þörf á heildrænu endurmati á stefnu um miðborg. Setja þarf ákveðnari og skýrari markmið er varða landnotkun. Á að leggja til eina breytingartillögu eða fleiri? breyting á aðalskipulagi fyrir laugaveg/hverfis/lækjar og kvótatillögu sér
   Rætt um hvort fjölgun aðalgatna sé skynsamleg leið til að fjölga stöðum þar sem gisting í flokki II er leyfileg en það er ekki talið góð lausn.
   Upp kom hugmynd um að umbuna ferðamönum sem gista í samþykktu húsnæði eins og gert er sumstaðar erlendis t.d. með sund og/eða strætókortum.
   Umræðu um það hvort öll atvinnustarfsemi sem á sé stað í heimahúsi feli í sér breytingu á nýtingu hússins. Talið ljóst að munur sé á að vinna heima og að vera með starfsemi í húsinu.

Fundi slitið 15.20

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 12. september 2016 var haldinn 3. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.08. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Hrólfur Jónsson, Halldóra Hrólfsdóttir,Ívar Örn Ívarsson Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Óskar Torfi Þorvaldsson kynnir samantekt á fjölda eigna skráða á Airbnb vs. fjölda útgefinna leyfa miðað við 23. ágúst 2016. Óskað eftir yfirlit frá heilbrigðiseftirlitinu um starfsleyfi. Hvort skoða eigi þróun, fjölda gesta o.s.frv. Rætt um hvort tölur hjá sýslumanni séu réttar. Þykja heldur lágar. Ljóst að enginn einn aðili innan borgarinnar er með yfirsýn. Kannski mesta yfirsýnin hjá byggingarfulltrúi sem sendir upplýsingar til fjármálaskrifstofu um að aðili sé kominn í rekstur, inniheldur nýtingarhlutfall.
   Hópurinn þarf að fá yfirlit yfir rukkun, rekstrarleyfi, jákvæðar umsagnir, o.s.frv.
   Efasemdir um gagnsemi airbnb samantektar.
   Eldvarnareftirlit hefur efasemdir um hvort þurfi ekki byggingarleyfisumsókn þegar aðilar eru í íbúð sem þeir þekkja ekki útgönguleiðir.
   SEA skoðar að biðja VSO um að gera skýrsluna sýna reglulega.
   Hvort skoða þurfi granda sem framtíðarsvæði fyrir hótel, veitingastaði og skemmtistaði.
   Kaflaskiptum og kortleggjum hvert svið fyrir svið
   Eru spurningar fyrir sýslumann?
   Yfirlit yfir starfsleyfi: þarf bygginarleyfisumsóknir.
   Gistináttagjald: sveitarfélögin vilja hækka gjaldið og fá hluta til sveitarfélaga.
   Vilja jöfnunarsjóðshugmynd á gistináttagjald.

2. Samþykkt að fá son Jóns Viðara inn með kynningu fyrir hópinn.
   Ætlunin að kaflaskipta og kortleggja hvert svið fyrir svið
   Eru spurningar fyrir sýslumann?
   Yfirlit yfir starfsleyfi og það hvort það þurfi bygginarleyfisumsóknir.
   Gistináttagjald: sveitarfélögin vilja hækka gjaldið og fá hluta til sveitarfélaga.
   Skoða að koma á fót jöfnunarsjóðsfyrirkomulag á gistináttagjald.

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 19. september 2016 var haldinn 4. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Melavöllum í Borgartúni 12 og hófst hann kl. 14.04. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson,Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Valdimar Karl Guðlaugsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fer fram kynning Expectus rekstrarráðgjafar á könnun þeirra á umfangi AirBnB í Reykjavík. Hópurinn ætlar að setja saman þarfagreiningu fyrir expectus. Þurfum að taka saman frá öllum þeim sviðum sem koma að hópnum hvað þau myndu vilja fá frá expectus svo að hægt sé að taka saman þörfina.

2. Samþykkt að leitast eftir að fá fulltrúa sýslumanns á fund starfshópsins.

Fundi slitið kl. 15.03

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 03. október 2016 var haldinn 5. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning frá fulltrúa sýslumannsins á Höfuðborgarsvæðinu á stöðu máli í veitingu rekstrarleyfa vegna gisti- og veitingastaða.
   Öll leyfi eru skráð jafn óðum í kerfi sýslumanna.
   Ákveðinn hópur er enn inni í kerfinu frá lögregluembættum.
   Sýslumanns embætin munu framkvæma virkt eftirlit/taka við ábendingum og beita sektum, frá 10.000- 1 miljóna króna. Notað til að ýta starfseminni upp á yfirborðið.
   Núna er ákærumeðferð og lokunarheimildir lögreglu. Hvorugt hefur neitt verið notað.

   Sigurður G. Hafstað tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15.05

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 07. nóvember 2016 var haldinn 6. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Helga Björk Laxdal gerir grein fyrir ráðstefnu sem hún fór á með borgarstjóra í Barselóna.
   Samhljómur hjá þeim borgum sem sóttu ráðstefnuna að engin töfralausn sé í stöðunni. Sambland af auknu eftirliti og skipulagsbreytingum er málið. Amsterdam stundar það að tæma íbúðir þar sem ólögleg starfsemi á sér stað, innsiglar þær og sekta eigendur. Hefur gert það að verkum að lítið sem ekkert er um ólöglega starfsemi í miðborginni í Amsterdam.
   Þörf fyrir starfshópinn að kortleggja þær heimildir sem mismunandi aðilar hjá Reykjavíkurborg hafa til að framfylgja eftirlitinu og samræma leiðirnar.
   Aðgerðirnar í Amsterdam og París byggir aðallega á skipulagi og reyna að dreifa álagi í fleiri byggðir. Stokkhólmur segist ekki eiga við þetta vandamál að stríða, mikið til vegna eignarfyrirkomulagi þar sem flestir eru í búseturéttarhúsnæði og Vínarborg er ekki með miklar aðgerðir í gangi. Hinar spænsku borgirnar sem sóttu ráðstefnuna gerður það í svipuðum erindagjörðum og Reykjavík, þ.e. að leita að nýjum hugmyndum hjá þeim borgum sem eru lengra komnar.
   Borgirnar flestar hafa það sameiginlegt að ver með einhverjar beinar tekjur af flóttamönnum.
   Bent á að borgir líði fyrir það að náttúruminjar séu teknar fram yfir menningarminjar þegar kemur að því að setja pening í uppbyggingu ferðamannastaða t.d. hjá framkvæmdarsjóði ferðamannastaða.
   Ákveðinn hluti sjóðsins renni til þeirra sveitarfélaga sem eru að taka á móti óeðlilegum fjölda.
   Nýju lögin munu skipulagslega verða til þess að heimagisting mun dreifast betur yfir svæði innan Reyjavíkur og þá væntanlega á önnur sveitarfélög líka.
   Verkefni að rýna gjaldtökuheimildir annarra borga.
   Spurning hvort það þurfi ekki að hækka gjöld í sund og menningarstofnanir.

- kl. 14.29 tekur Óskar Ísfeld Sigurjónsson sæti á fundinum.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar um beiðni um frest fyrir skil á skýrslu starfshópsins til 16. janúar 2017.
   Samþykkt.

   Jafnframt lagt til að bjóða borgarstjóra á fund hópsins.
   Samþykkt.

- kl. 14.32 tekur Óskar Torfi Þorvaldsson sæti á fundinum.

  Tímarammi VSÓ skýrlunnar: óvíst hvort búið sé að semja við VSÓ, hugmyndir um að drög séum jafnvel væntanleg í vikunni

- 14.39 tekur Gylfi Ástbjartsson sérfræðingur í eftirliti hjá byggingarfulltrúa, sæti á fundinum.

3. Framhaldin umræða um mismunandi fyrirkomulag eftirlits.

- 14.46 víkur Áshildur af fundinum.

  Boltinn hjá eftirlitinu eftir áramót.

Helga Björk fer yfir rekstrarleyfisumsóknarferlið sem mun koma til með nýju lögunum. Spurning um hvort það sé sniðugt að umsækjendum verði leiðbeint um að sækja fyrst um rekstrarleyfi og síðan starfsleyfi.

Miklar vangaveltur um mismunandi skráningar atvinnuhúsnæði/íbúðarhúsnæði út frá flokki I sem verður enginn flokkur vs. flokki II/verðandi flokki I. Mikilvægt að álagning fasteignagjalda verðir skýr.

Fundi slitið kl. 15.13

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 21. nóvember 2016 var haldinn 7. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar Óskar, Óskar, Ívar, Gylfi, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á þær breytingar á aðalskipulagi sem þarf að gera vegna nýrra laga um íbúðar- og heimagistingu sem taka gildi um áramótin. Vangaveltur um hvort um sé að ræða verulega eða óverulega breytingu. Rætt um hvar draga skuli mörk milli aðalgatna, miðborgar, M1c og íbúðarbyggðar. Kynnt nýr gistirýmikvóti sem á að taka til alls svæðisins M1a.

   Harri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um nýja reglurgerð um íbúðar- og heimagistingu sem fylgja á nýju lögunum. Byggingarfulltrúi reifar hugmyndir um að breyta skráningu þeirra eigna sem eru í útleigu lengur en þá 90 daga sem lögin geri ráð fyrir. Ekki talið gerlegt að breyta skráningu í flokk sem ekki er heimilaður á því svæði sem um ræðir, heldur sé hægt að tilkynna viðkomandi aðilum að þeir séu með starfsemi í leyfisleysi, benda þeim sem geta sótt um leyfi að gera það en að öðrum sé gert að hætta starfseminni.

3. Fram fer umræða um gagnasöfnun af vefsíðum AirBnB
   Samþykkt að boða seinni aðilan á fund starfshópsins, bjóða sýslumanni að senda fulltrúa.

4. Bygginarleyfisumsókn: notkunarflokkar byggingarreglugerðar: ef þekking fólks sem gistir í húsnæði er ekki mikil, t.d. á hóteli, þá þarf að gera ríkari kröfur um brunavarnir.

5. Breytt notkun: mjög mismunandi hvort það þurfi samþykki allra. Aðeins misvísandi dómaframkvæmd.

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 28. nóvember 2016 var haldinn 8. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.10. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar Karl Guðlaugsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Ívar Örn Ívarsson, Gylfi Ástbjartsson, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning Hermanns Valssonar á úttekt Icelandlastminute ehf. á AirBnB í Reykjavík og möguleg nýting á þeim grunni í eftirlit með skráningu gistingar í Reykjavík. Mjög hátt hlutfall íbúða í Reykjavík í útleigu á vegum AirBnB og mikil aukning á leiðinni. Lang mest er óskráð. Fjöldi fyrirtækja sem sérhæfa sig í að þjónusta íbúðareigendur sem leigja í gegnum AirBnB. Í kerfi Hermanns er hægt að senda póst á alla þá sem eru með eign skráða og bent þeim á að skrá sig og síðan halda upp eftirfylgni og jafnvel enda með því að gögn seú send til sýslumanns. Spurningar um hvernig gagnaöflunin fór fram, hvort hún sé sömu vandkvæðum bundin og söfnun expectus. Einnig spurning hvort hægt sé að fela 3. aðila að fara með slíkt eftirlit, eða að veita þá þjónustu sem um er rætt, eðlilegast væri að sýslumaður væri með slíkt á sinni könnu. Möguleiki er þó á að heilbrigðis- og brunavarnaeftirlitið sem beinn leyfisveitingaaðili gæti notað þetta. Aðaláhugi þessa hóps er á gangagrunninum og tölulegum upplýsingum.

   Hermann Valsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um stöðu mála hvað varðar vinnu einstakra aðila í hópnum. Vandamál með fjármögnun á kaupum á tölfræðilegum gögnum en fundið verður út úr því. Höfuðborgarstofa ætlar að setja spurningar um hvernig gistingu fólk er að nýta sér í næstu könnun sem þeir gera meðal ferðamanna. Samþykkt að næsti fundur verði vinnufundur og að fundur starfshópsins með Degi verði í janúar þegar nær er komið skilum.

Fundi slitið 15.16

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 14. desember 2016 var haldinn 9. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.04. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar Karl Guðlaugsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á þeim gögnum sem hafa borist frá fundi hraðvaxtarborga í Barselóna. Rætt um heimildir til eftirlits og refsingar á hjá mismunandi stofnunum innan og utan borgarkerfisins. AirBnB gefur sig út fyrir að vera mjög samstarfsfúsir en draga svo lappirnar þegar kemur að því að fara í framkvæmdir. Menningarmunur veldur því að þetta er mismikið vandamál

2. Samþykkt að starfshópurinn hittist næst 9. janúar til að vinna í samsetningu skýrslunnar.

Fundi slitið 15.16

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 12. janúar 2017 var haldinn 10. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.11. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkáætlun síðustu 3 vikna starfstíma starfshópsins. Helga Björk úthlutar verkefnum fyrir vinnu við skýrslu starfshópsins, bæði stöðutöku og framtíðar stefnumótun. Talað um að Reykjavíkurborg óski eftir að þurfi samþykki meðeiganda/breytir fjölbýlishúsalaga og að breytt notkun.

2. Fram fer umræða um framkvæmd og umhverfi nýju laganna.
   Þó svo að ákvæði nýju laga séu óskýr hvað ákveðnir hluti varðar þá er hæglega hægt að túlka þau eftirlitinu í hag.
   Óformlegur kynningarfundur á vegum skrifstofu borgarstjórnar á morgun föstudaginn 13. janúar þar sem farið verði yfir nýtt verklag við rekstrarleyfisveitingar.
   Farið yfir hvaða röð afgreiðslu starfs- og rekstrarleyfa og umsagna um rekstrarleyfi eru æskilegast. Einnig umræða um hvort skipulagsbreytingar þurfi til að fara í breytingu á skráningu eignar tímabundið sem gististaður.

3. Samþykkt að halda næsta fund eftir 3 vikur og þá verði allir búnir að skila sínu.

Fundi slitið 14.17

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 20. mars 2017 var haldinn samstarfsfundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu og hagsmunaaðila í rekstrarleyfisveitingum í borgarráðsherberginu í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 15.07. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi auk Sigurðar Hafsteð frá sýslumanni, Nikúlási Úlfari Másyni byggingafulltrúi og Sigurbjartur Halldórsson, Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Einnig sátu fundinn Viktoría Júlía Laxdal og Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tækifærisleyfi, og þá sérstaklega til framhaldsskóla. Tækifærisleyfisreglurnar þarf að endurskoða, hvort að umsóknarfrestur sé of langur. Heilbrigðiseftirlitið er helst að kljást við annarsvegar viðbót við gild leyfi og hinsvegar leyfi í húsnæði þar sem ekki er nein starfsemi fyrir. Margt sem mælir með því að rekstraraðilar sjálfir sæki um tækifærisleyfi frekar en þeir sem halda viðburðinn. Niðurstaða að halda núverandi boðleiðum en taka fram í umsagnarbeiðni hvort um sé að ræða gildandi leyfi og hver fjöldinn er.

2. Fram fer umræða um samspil starfsleyfa og framkvæmdaleyfa. Eitthvað ber á því að umsóknaraðilar haldi að starfsleyfi séu nægileg. Spurning hver staðan er ef búið er að gefa út starfsleyfi þegar rekstrarleyfisumsókn er neitað.

3. Fram fer umræða um stöðuna í rekstrarlefisvitingum. Rekstarleyfisferlið er ágætt, það er jákvæð breiting að neitun komi strax frá skipulagsyfirvöldum. Ef ekki kemur til færsla yfir í atvinnuhúsnæði er nær ómögulegt að ná utan um þetta. Það er ein helsta tillagan frá starfshópnum að byggingarleyfisbreyting þyrfti til að fara upp í flokk II. Veltur allt á því að þeir aðilar sem hafa eftirlits og viðurlagaheimildir noti þær. Byggingarfulltrúi, heilbrigðiseftirlitið, etc.
   Sýslumaður er með metnaðarfullar hugmyndir um eftirlit. Sendir út fyrirmæli um valdmörk til eftirlitsaðila og til lögreglu. „fyrir er ekki leyfi…og engin umsókn til meðferðar.“ Spurning um að senda líka á byggingarfulltrúa. Sambandið er áhugasamt um fasteignagjöld. Virkt frumkvæðiseftirlit annarsvegar í gegnum kortlagningu á bókunarvefjum og aðgerðir. Opin fyrir viðræðum um samnýtingu á slíkri kortlagningu. Verið að vinna að samningi við AirBnb með Amsterdam samningin sem fyrirmynd. Staðlaðar aðvaranir, eftirfylgni, endurkönnun. Ekki farið í sektir fyrr en eftir andmælarétt o.þ.h. Spurning um hvar á að byrja, slökkvilið og sýslumaður ætla að byrja á stóru aðilunum. Þarf að koma til samráðs milli byggingafulltrúa, slökkviliðs, sýslumanns og lögreglu.

4. Fram fer umræða um viðurlög við brot á nýja fyrirkomulagi. Spurningar um andmæli og farveg fyrir svörum við þeim.

5. Fram fer umræða um upplýsingagjöf til almennings. Mikilvægt að koma upplýsingum um skipulagslega afstöðu á vefinn sem fyrst. Upplýsingar um ferli hjá byggingarfulltrúa eru ekki til. Hvort samþykki nágranna þurfi að liggja fyrir þegar eign er færð yfir í flokk II er ekki ljóst.

Fundi slitið 16.29

Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 3. maí 2017 var haldinn 12. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu og hagsmunaaðila í rekstrarleyfisveitingum í borgarráðsherberginu í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 15.07. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óli Örn Eiríksson, Gylfi Ástbjartsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tækifærisleyfi, og þá sérstaklega til framhaldsskóla. Tækifærisleyfisreglurnar þarf að endurskoða, hvort að umsóknarfrestur sé of langur. Heilbrigðiseftirlitið er helst að kljást við annarsvegar viðbót við gild leyfi og hinsvegar leyfi í húsnæði þar sem ekki er nein starfsemi fyrir. Margt sem mælir með því að rekstraraðilar sjálfir sæki um tækifærisleyfi frekar en þeir sem halda viðburðinn. Niðurstaða að halda núverandi boðleiðum en taka fram í umsagnarbeiðni hvort um sé að ræða gildandi leyfi og hver fjöldinn er.

2. Fram fer umræða um samspil starfsleyfa og framkvæmdaleyfa. Eitthvað ber á því að umsóknaraðilar haldi að starfsleyfi séu nægileg. Spurning hver staðan er ef búið er að gefa út starfsleyfi þegar rekstrarleyfisumsókn er neitað.

3. Fram fer umræða um stöðuna í rekstrarleyfisveitingum. Rekstarleyfisferlið er ágætt, það er jákvæð breyting að neitun komi strax frá skipulagsyfirvöldum. Ef ekki kemur til færsla yfir í atvinnuhúsnæði er nær ómögulegt að ná utan um þetta. Það er ein helsta tillagan frá starfshópnum að byggingarleyfisbreyting þyrfti til að fara upp í flokk II. Veltur allt á því að þeir aðilar sem hafa eftirlits og viðurlagaheimildir noti þær. Byggingarfulltrúi, heilbrigðiseftirlitið, etc.
   Sýslumaður er með metnaðarfullar hugmyndir um eftirlit. Sendir út fyrirmæli um valdmörk til eftirlitsaðila og til lögreglu. „fyrir er ekki leyfi…og engin umsókn til meðferðar.“ Spurning um að senda líka á byggingarfulltrúa. Sambandið er áhugasamt um fasteignagjöld. Virkt frumkvæðiseftirlit annarsvegar í gegnum kortlagningu á bókunarvefjum og aðgerðir. Opin fyrir viðræðum um samnýtingu á slíkri kortlagningu. Verið að vinna að samningi við AirBnb með Amsterdam samningin sem fyrirmynd. Staðlaðar aðvaranir, eftirfylgni, endurkönnun. Ekki farið í sektir fyrr en eftir andmælarétt o.þ.h. Spurning um hvar á að byrja, slökkvilið og sýslumaður ætla að byrja á stóru aðilunum. Þarf að koma til samráðs milli byggingafulltrúa, slökkviliðs, sýslumanns og lögreglu.

4. Fram fer umræða um viðurlög við brot á nýja fyrirkomulagi. Spurningar um andmæli og farveg fyrir svörum við þeim.

5. Fram fer umræða um upplýsingagjöf til almennings. Mikilvægt að koma upplýsingum um skipulagslega afstöðu á vefinn sem fyrst. Upplýsingar um ferli hjá byggingarfulltrúa eru ekki til. Hvort samþykki nágranna þurfi að liggja fyrir þegar eign er færð yfir í flokk II er ekki ljóst.

Fundi slitið 16.29

Lög

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda).

———

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er markmið laganna að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Markmið.*

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Lögin gilda ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I.
b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gildissvið*.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. kemur ein ný málsgrein, sem verður 1. mgr., svohljóðandi:
   Eftirlitsaðili er annaðhvort heilbrigðisnefnd sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun.
b. 6. mgr. orðast svo:
   Besta aðgengilega tækni er áhrifaríkasta og þróaðasta stigið í framþróun starfsemi og tengdra rekstraraðferða sem gefur til kynna að nota megi tiltekna tækni sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun og önnur skilyrði fyrir starfsleyfi til að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:
   a. „tækni“: sú tækni og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,
   b. „aðgengileg tækni“: tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana á hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er

notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðilinn eigi tök á að nýta sér hana með góðu móti,

c. „besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.

c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
BAT-niðurstöður er tilvísun til reglugerðar sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu aðgengilegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stöð er staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. viðauka I–IV, og öll önnur starfsemi á sama stað sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem tilgreind er í framangreindum viðaukum.

e. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Orðskýringar*.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. bætist: sbr. 7. gr., og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.

b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Hollustuvernd.*

5. gr.

4. gr. a laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „starfsleyfi“ í 1. tölul. kemur: sbr. 7. gr., og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.

b. Í stað orðsins „fáanlegrar“ í 1. tölul. kemur: aðgengilegrar.

c. Í stað orðanna „sbr. 6. gr. c“ í 6. tölul. kemur: sbr. 35. gr.

d. Í stað orðanna „sbr. 6. gr. e“ í 18. tölul. kemur: sbr. 62. gr.

e. Á eftir 18. tölul. koma 15 nýir töluliðir sem verða 19.–33. tölul., svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því:

19. útgáfu starfsleyfis, upplýsingar sem fram skulu koma í umsóknum um starfsleyfi og upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis skal hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu, sbr. 7. gr.,
20. skráningarskyldu, kröfur sem eiga að gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur og umfang hans, skráningu atvinnurekstrar og staðfestingu Umhverfisstofnunar, sbr. 8. gr.,
21. starfsleyfisskilyrði, sbr. 9. gr.,
22. viðmiðunarmörk, setningu viðmiðunarmarka og undanþágur frá viðmiðunarmörkum, sbr. 10. gr.,
23. vöktun, sbr. 11. gr.,
24. endurskoðun starfsleyfisskilyrða, sbr. 15. gr.,
25. lokun svæðis, skýrslu um grunnástand og upplýsingar sem þar eiga að koma fram, sbr. 16. gr.,
26. upplýsingagjöf þegar um er að ræða áhrif yfir landamæri, sbr. 17. gr.,

27. að tiltekin starfsemi falli ekki undir lögin, sbr. 19. og 26. gr.,
28. samlegðarreglur vegna aðskilinna brennsluvera, sbr. 20. gr.,
29. viðmiðunarmörk fyrir brennsluver, bilanir brennsluvera og vöktun losunar, sbr. 21., 23., 24. og 25. gr.,
30. útskipti hættulegra efna og efnablandna, stjórnun og vöktun losunar, viðmiðunarmörk, skýrslugjöf og umtalsverðar breytingar á stöðvum í rekstri sem nota lífræna leysa, sbr. 27.–30. gr.,
31. stjórnun og vöktun losunar frá stöðvum sem framleiða títandíoxíð, sbr. 32. gr.,
32. eftirlit, eftirlitsáætlanir, framkvæmd eftirlits og frávik, sbr. 54. og 55. gr.,
33. viðmið um bestu aðgengilegu tækni, sbr. 13. gr.

f. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Mengunarvarnir.*

7. gr.

Í stað 5. gr. a og 6. gr. laganna koma fjórir nýir kaflar, II. kafli, **Starfsleyfi**, með þrettán nýjum greinum, 6.–18. gr., III. kafli, **Sérákvæði fyrir brennsluver**, með sjö nýjum greinum, 19.–25. gr., IV. kafli, **Sérákvæði fyrir starfsemi sem notast við lífræna leysa**, með fimm nýjum greinum, 26.–30. gr., og V. kafli, **Sérákvæði um stöðvar sem framleiða títandíoxíð**, með tveimur nýjum greinum, 31. og 32. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (6. gr.)

Starfsleyfi.

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 14. og 15. gr.

Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

b. (7. gr.)

Útgáfa starfsleyfis.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I–III, sbr. þó 8. gr. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV og V, sbr. þó 8. gr.

Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.

Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting.

Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, sbr. 8. gr., og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.

c. (8. gr.)

Skráningarskylda.

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka III–V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi, sbr. viðauka I–V, sbr. 4. og 5. gr. Hvað varðar starfsemi í viðauka I skal miða við að þessar almennu kröfur tryggi samþættar mengunarvarnir og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum starfsleyfisskilyrðum fyrir hverja starfsemi og að þær byggist á bestu aðgengilegu tækni.

Rekstraraðili atvinnurekstrar, sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr., skal skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Umhverfisstofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemi hans. Umhverfisstofnun skal upplýsa heilbrigðisnefndir um skráningar rekstraraðila.

d. (9. gr.)

Starfsleyfisskilyrði.

Umhverfisstofnun skal tryggja að í starfsleyfi, sbr. viðauka I og II, séu öll skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að farið verði að kröfum 12. og 38. gr., sbr. þó 8. gr. Starfsleyfisskilyrði skulu að lágmarki fela í sér ákvæði um:

a. viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna,
b. viðeigandi kröfur sem tryggja vernd jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir varðandi vöktun og stjórnun úrgangs sem myndaður er í stöðinni,
c. viðeigandi kröfur um vöktun losunar,
d. upplýsingagjöf til útgefanda starfsleyfis,
e. viðeigandi kröfur um reglulegt viðhald og eftirlit,
f. ráðstafanir varðandi önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði,
g. lágmörkun víðfeðmrar mengunar eða mengunar sem fer yfir landamæri, og
h. skilyrði fyrir mati á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun.

Umhverfisstofnun skal taka mið af BAT-niðurstöðum við útfærslu starfsleyfisskilyrða.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja strangari starfsleyfisskilyrði en BAT-niðurstöður ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að setja starfsleyfisskilyrði á grundvelli bestu aðgengilegu tækni sem ekki er lýst í BAT-niðurstöðum ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Útgefandi starfsleyfis skal tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka III og IV, rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk,

orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Heilbrigðisnefndir skulu tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka V, rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og skilyrði auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

e. (10. gr.)

Viðmiðunarmörk fyrir losun.

Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skulu gilda á losunarstað efnanna við stöðina. Þegar viðmiðunarmörk eru ákvörðuð skal ekki taka tillit til þynningar sem á sér stað áður en að losunarstað er komið.

Umhverfisstofnun skal ákvarða viðmiðunarmörk fyrir losun í starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr. Þó er Umhverfisstofnun heimilt í sérstökum tilvikum að ákvarða vægari viðmiðunarmörk fyrir losun að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 5. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt í starfsleyfi að veita tímabundnar undanþágur frá viðmiðunarmörkum um losun og frá a- og b-lið 38. gr. vegna prófana og notkunar á tækninýjungum fyrir tímabil sem ekki má vera lengra en níu mánuðir samfleytt, að því tilskildu að eftir tilgreint tímabil sé notkun tækninnar hætt eða starfsemin nái a.m.k. losunargildum sem tengjast bestu aðgengilegu tækni.

f. (11. gr.)

Vöktun.

Umhverfisstofnun skal byggja kröfur um vöktun eftir atvikum á BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstofnun skal ákvarða tíðni reglubundins viðhalds og eftirlits í starfsleyfi.

g. (12. gr.)

Umhverfisgæðakröfur.

Ef kveðið er á um strangari skilyrði um umhverfisgæði í reglugerð en hægt er að uppfylla með BAT-niðurstöðum skal Umhverfisstofnun taka tillit til þess við útgáfu starfsleyfis.

h. (13. gr.)

Þróun á bestu aðgengilegu tækni.

Umhverfisstofnun skal hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu upplýsingar um útgáfu nýrra eða uppfærðra BAT-niðurstaðna.

i. (14. gr.)

Breytingar á starfsemi.

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi, sbr. 6. gr., eftir því sem við á.

Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr., er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið, sbr. 6. gr.

Sérhver breyting á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar skal teljast umtalsverð ef hún nær þeim viðmiðunargildum fyrir afkastagetu sem sett eru fram í viðauka I.

j. (15. gr.)

Endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum.

Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

k. (16. gr.)

Lokun svæðis.

Umhverfisstofnun skal setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, um lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega.

Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.

Skýrsla um grunnástand skal innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar eftir því sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 5. gr. Umhverfisstofnun skal senda skýrslu um grunnástand til viðkomandi sveitarstjórnar.

Við endanlega stöðvun starfseminnar skal rekstraraðili meta stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar vegna hættulegra efna sem stöðin notar, framleiðir eða losar. Ef starfsemin hefur valdið umtalsverðri mengun í jarðvegi eða grunnvatni með hættulegum efnum samanborið við stöðuna sem staðfest er í skýrslu um grunnástand skal rekstraraðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að taka á þeirri mengun í þeim tilgangi að koma iðnaðarsvæðinu aftur í fyrra ástand. Í þeim tilgangi er heimilt að taka tillit til þess hvort slíkar ráðstafanir eru tæknilega framkvæmanlegar.

Við endanlega stöðvun starfseminnar og þegar heilsufari manna eða umhverfi stafar umtalsverð hætta af mengun jarðvegs og grunnvatns á iðnaðarsvæðinu, sem er afleiðing af leyfðri starfsemi rekstraraðilans áður en starfsleyfið er uppfært, skal rekstraraðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana með tilliti til ástands iðnaðarsvæðisins. Þær skulu miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr hættulegum efnum þannig að af iðnaðarsvæðinu stafi ekki lengur slík hætta með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni.

Þar sem þess er ekki krafist að rekstraraðili taki saman skýrslu um grunnástand skal rekstraraðili við endanlega stöðvun starfseminnar grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr hættulegum efnum þannig að af iðnaðarsvæðinu, með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni, stafi ekki lengur umtalsverð hætta fyrir heilsufar manna eða umhverfið vegna mengunar jarðvegs og grunnvatns sem leitt hefur af starfseminni og með tilliti til ástands iðnaðarsvæðisins.

l. (17. gr.)

Áhrif yfir landamæri.

Umhverfisstofnun skal, ef starfsemi er líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, senda upplýsingar um starfsemina til ríkisins á sama tíma og almenningi er veittur aðgangur að þeim.

Umhverfisstofnun skal tryggja að almenningur í ríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, sbr. 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknum um starfsleyfi þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun.

Umhverfisstofnun skal upplýsa ríki, sbr. 1. mgr., um þá ákvörðun sem tekin var varðandi umsóknina og skal framsenda því viðeigandi upplýsingar.

m. (18. gr.)

Tækninýjungar.

Stuðlað skal, eftir því sem við á, að þróun og notkun tækninýjunga, einkum að því er varðar þær tækninýjungar sem tilgreindar eru í tilvísunarskjölum um bestu aðgengilegu tækni.

n. (19. gr.)

Gildissvið.

Þessi kafli gildir um brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem er jafnt og eða meira en 50 MW, óháð þeirri eldsneytistegund sem notuð er, sbr. reglugerð skv. 5. gr.

o. (20. gr.)

Samlegðarreglur.

Ef úrgangsloft tveggja eða fleiri brennsluvera er losað um sameiginlegan reykháf skal líta á þau sem eitt brennsluver og leggja afkastagetu þeirra saman við útreikning á heildarnafnvarmaafli.

p. (21. gr.)

Viðmiðunarmörk fyrir losun.

Stjórna skal losun úrgangslofts frá brennsluverum með reykháfum með einni eða fleiri loftrásum. Við ákvörðun um hæð slíkra reykháfa skal markmiðið vera að vernda heilsufar manna og umhverfið.

Öll starfsleyfi fyrir brennsluver skulu bundin skilyrðum sem tryggja að losun frá þeim út í andrúmsloftið fari ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

Umhverfisstofnun getur veitt rekstraraðila brennsluvers, sem að öllu jöfnu notar eldsneyti með litlu magni af brennisteini, undanþágu í allt að sex mánuði frá kröfu um viðmiðunarmörk losunar á brennisteinsdíoxíði þegar rekstraraðilinn getur ekki uppfyllt viðmiðunarmörk vegna þess að aðföng á brennisteinslitlu eldsneyti hafa brugðist sökum alvarlegs skorts á því.

Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá kröfu um viðmiðunarmörk fyrir losun þegar rekstraraðili brennsluvers sem notar aðeins loftkennt eldsneyti verður í sérstöku undantekningartilviki að grípa til notkunar annars eldsneytis vegna skyndilegs rofs á framboði á gasi og brennsluverið þyrfti af þeim sökum að vera búið hreinsibúnaði fyrir úrgangsloft. Slík undanþága skal ekki veitt í lengra tímabil en tíu daga nema brýn þörf sé á áframhaldandi orkuöflun. Rekstraraðilinn skal tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um hvert einstakt tilvik sem um getur í 1. málsl.

Þegar brennsluver er stækkað skulu viðmiðunarmörk fyrir losun gilda fyrir stækkaðan hluta versins sem breytingin hefur áhrif á og skal setja viðmiðunarmörkin með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Ef um er að ræða breytingu á brennsluveri, sem getur haft afleiðingar fyrir umhverfið og hefur áhrif á hluta versins með 50 MW nafnvarmaafl eða meira, skulu viðmiðunarmörk fyrir losun gilda fyrir þann hluta versins sem hefur breyst með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins.

q. (22. gr.)

Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum.

Rekstraraðili brennsluvers, með rafmagnsaflgetu að nafngildi 300 MW eða meira, skal meta hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. hæfileg geymslusvæði séu tiltæk,
b. flutningsaðstæður séu tæknilega og efnahagslega hagkvæmar,
c. ísetning endurbótahluta til föngunar á koldíoxíði sé tæknilega og efnahagslega hagkvæm.

Ef skilyrði skv. 1. mgr. eru uppfyllt skal Umhverfisstofnun sjá til þess að hæfilegt svæði á stöðinni sé tekið frá fyrir nauðsynlegan búnað til föngunar og þjöppunar á koldíoxíði. Umhverfisstofnun skal ákvarða hvort skilyrði hafi verið uppfyllt, á grundvelli matsins skv. 1. mgr. og annarra fyrirliggjandi upplýsinga, sérstaklega varðandi verndun umhverfisins og heilsufars manna.

r. (23. gr.)

Gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði.

Umhverfisstofnun skal tryggja að ákvæði séu í starfsleyfum fyrir brennsluver um verklagsreglur varðandi truflun eða bilun í hreinsibúnaði.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði.

s. (24. gr.)

Vöktun losunar út í andrúmsloft.

Vöktun loftmengandi efna skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur, sbr. 2. mgr. Uppsetning og rekstur á sjálfvirkum vöktunarbúnaði skal vera háður eftirliti og árlegum eftirlitsprófunum. Umhverfisstofnun ákvarðar staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

Viðmiðunarmörkum fyrir losun í andrúmsloftið er náð ef uppfyllt eru skilyrði sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

t. (25. gr.)

Brennsluver sem brenna margs konar eldsneytistegundum.

Ef brennsluver brennir margs konar eldsneytistegundum og notar samtímis tvær eða fleiri eldsneytistegundir skal Umhverfisstofnun setja viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr.

u. (26. gr.)

Gildissvið.

Þessi kafli gildir um starfsemi sem tilgreind er í viðauka III og, eftir atvikum, nær þeim viðmiðunargildum fyrir notkun sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

v. (27. gr.)

Útskipti hættulegra efna.

Efnum eða efnablöndum, sem vegna innihalds þeirra af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum flokkast sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni eða blöndur með eiturhrif á æxlun, skal skipta út hið fyrsta eftir því sem mögulegt er með skaðminni efnum eða efnablöndum.

x. (28. gr.)

Stjórnun og vöktun losunar.

Rekstraraðili skal tryggja að losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sé í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr. Að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í reglugerð ráðherra getur Umhverfisstofnun heimilað að losun fari yfir viðmiðunarmörk fyrir losun að því tilskildu að ekki sé búist við umtalsverðri áhættu fyrir heilsufar manna eða umhverfið og rekstraraðilinn sýni fram á að besta aðgengilega tækni sé notuð. Á sama hátt getur Umhverfisstofnun heimilað að losun frá húðunarstarfsemi, sem ekki er möguleg við stýrðar aðstæður, uppfylli ekki kröfur í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., ef rekstraraðilinn hefur sýnt fram á að slíkt sé hvorki tæknilega né fjárhagslega framkvæmanlegt þrátt fyrir að besta aðgengilega tækni sé notuð.

Rekstraraðili skal sjá til þess að mælingar á losun séu framkvæmdar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Viðmiðunarmörkum fyrir losun í úrgangslofti er náð ef uppfyllt eru skilyrði sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

y. (29. gr.)

Skýrslugjöf.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað, láta Umhverfisstofnun í té nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

z. (30. gr.)

Umtalsverð breyting á stöðvum í rekstri.

Breyting á stöð í rekstri telst umtalsverð ef uppfyllt eru skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 5. gr.

þ. (31. gr.)

Gildissvið.

Þessi kafli gildir um stöðvar sem framleiða títandíoxíð.

æ. (32. gr.)

Stjórnun og vöktun losunar.

Losun frá stöðvum í vatn skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Hindra skal losun sýrudropa frá stöðvum.

Meðal helstu nýmæla tilskipunarinnar eru ákvarðanir um bestu aðgengilegu tækni (BAT) og gildi þeirra með tilkomu svokallaðra niðurstaðna um bestu aðgengilegu tækni, þ.e. BAT-ákvarðanir (BAT Conclusions – BATC). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, setja fram viðmið varðandi tiltekna starfsemi. Þessi viðmið verða sett sem sérstakar gerðir framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. BAT-ákvarðanir. Segja má að með þessu móti sé tæknilýsingum úr BAT snúið yfir í bein fyrirmæli og losunarmörk. Samkvæmt tilskipuninni skal vísað beint til viðeigandi BAT-ákvarðana í starfsleyfum fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin eigi aðkomu að gerð framangreindra viðmiða og hefur Ísland því möguleika á að taka þátt í þróun þeirra. Nefna má að Ísland hefur í yfir 25 ár tekið virkan þátt í mótun BAT-viðmiða á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Hluti af verkefnum norræna BAT-hópsins hefur verið að gera skýrslur sem sendar hafa verið til evrópsku IPPC-skrifstofunnar í Sevilla, Joint Research Centre, sem heldur utan um gerð BAT-viðmiða fyrir framkvæmdastjórn ESB og miðlun upplýsinga milli aðildarríkja (eippcb.jrc.ec.europa.eu/about/) og vinnur nánar úr þeim í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB varðandi tilvísunarskjöl um bestu aðgengilegu tækni og upplýsingaskipti. Skýrslur norræna BAT-hópsins hafa einkennst af áherslum Norðurlandanna.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að tiltekin fyrirtæki skuli hafa leyfi frá lögbæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki en aðildarríkjum er þó heimilt að setja almenn leyfisskilyrði sem gilda um tiltekna starfsemi sem koma þá í stað leyfisútgáfu. Jafnframt er gert ráð fyrir að tiltekin starfsemi geti verið háð skráningarskyldu í stað leyfisútgáfu.

Samkvæmt tilskipuninni skulu lögbær stjórnvöld í hverju aðildarríki hafa eftirlit með starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar og eru settar fram lágmarkskröfur um hvernig því skuli til háttað.

Í tilskipuninni er rík áhersla lögð á tengsl við tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð, til að mynda með áherslu á vinnslu og skil á grunnskýrslum um ástand umhverfisins (e. baseline report). Þannig er gengið út frá því að við lok rekstrar séu gæði endurheimt, t.d. skal iðnaðarlóð skilað í sama ástandi og grunnskýrslan segir til um.

Í frumvarpinu eru helstu efnisatriði tilskipunarinnar innleidd og kveðið á um heimildir ráðherra til að útfæra tiltekin atriði nánar í reglugerð til þess að ljúka innleiðingu tilskipunarinnar.

Útgáfa starfsleyfa og skráningarskylda.

Með hliðsjón af greinargerð starfshóps um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og stefnu ríkisstjórnarinnar um að bæta viðmót og aðgengi að stjórnsýslu er mikilvægt að endurskoða og leggja mat á þörfina fyrir að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi. Í því samhengi þarf að skoða hvort aðrar leiðir en starfsleyfisveitingar séu mögulega færar til að ná fram markmiðum um mengunarvarnir og hollustuhætti, svo sem skráningarskylda. Fyrirtæki bera ábyrgð á að starfa í samræmi við gildandi löggjöf hverju sinni og hafa stjórnvöld m.a. það hlutverk að leiðbeina þeim um gildandi reglur. Telja verður að þeirri leiðbeiningarskyldu sé í einhverjum tilvikum unnt að sinna nógu vel án þess að starfsleyfisskylda sé til staðar. Stjórnvöld hafa síðan eftirlit með

starfseminni til að ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við löggjöfina. Með hliðsjón af framangreindu er í frumvarpinu lagt til að dregið verði úr vægi starfsleyfiskyldu og miðað við að einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé starfsleyfisskyld þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að kveða á um að tiltekin starfsemi skuli háð skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að ráðuneytið, í samvinnu helstu hagsmunaaðila, fari yfir og meti í hvaða tilvikum skráningarskylda geti komið í stað starfsleyfis. Í frumvarpinu er einnig lagt til að allri starfsleyfisútgáfu verði sinnt af Umhverfisstofnun frá og með 1. janúar 2019. Lagt er til að Umhverfisstofnun taki við skráningum frá rekstraraðilum um rafræna gátt og upplýsi þá um þær reglur sem þeir þurfa að uppfylla. Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á framkvæmd eftirlits frá því sem nú er. Lagt er upp með að fyrirkomulag eftirlits verði endurskoðað í frumvarpi sem ráðherra áformar að leggja fram á næsta löggjafarþingi.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til mats á samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar en á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Ráðuneytið stofnaði óformlegan samráðshóp haustið 2015 með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Umhverfisstofnun í þeim tilgangi að ræða útfærslur í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Hópurinn hittist fimm sinnum og fékk nokkur drög að frumvarpinu til skoðunar og ræddi ýmis atriði frumvarpsins og mögulegar útfærslur. Auk þess fékk hópurinn til skoðunar drög að öðrum breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.a. um breytingar á fyrirkomulagi við framkvæmd eftirlits. Frumvarpið var síðan sett á vef ráðuneytisins til kynningar 15. janúar 2016 og var gefinn frestur til að koma að athugasemdum til 3. febrúar 2016. Frumvarpið var auk þess sent til umsagnar til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og Umhverfisstofnunar. Ráðuneytinu bárust umsagnir um frumvarpið m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, einstökum heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, Umhverfisstofnun og Isavia. Þá er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur undanfarið fundað með nokkrum heilbrigðisnefndum, að þeirra ósk, og kynnt þá vinnu sem er í gangi varðandi hugsanlegar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Almennt má segja að það hafi einkum verið tvö atriði sem mest hafi verið fjallað um í umsögnum um frumvarpið. Hið fyrra var gagnrýni á fyrirhugaðar breytingar á útgáfu starfsleyfa og upptaka á skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Í nokkrum umsögnum var gagnrýnt að taka ætti upp skráningarskyldu og tekið fram að óþarfi væri að breyta núverandi kerfi sem hefur virkað vel að mati umsagnaraðila. Jafnframt var gagnrýnt að starfsleyfisútgáfa mundi færast til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Enn fremur var tekið fram í nokkrum umsögnum að nokkur óvissa væri um hvernig skráningarskyldan yrði útfærð í framkvæmd. Í tveimur umsögnum var tekið vel í að taka upp skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um það að taka upp skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar um að bæta viðmót og aðgengi að stjórnsýslu er lagt til í frumvarpinu að draga úr vægi starfsleyfisskyldu og taka upp skráningarskyldu í miðlæga rafræna gátt. Síðara atriðið snýr að breytingu á framkvæmd

eftirlits. Í frumvarpinu sem var birt til kynningar í janúar 2016 var lagt til að allt eftirlit með starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi yrði alfarið framkvæmt af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga í stað þess að það skiptist á milli þeirra og Umhverfisstofnunar. Af umsögnum sem bárust er ljóst að skiptar skoðanir eru um þessa skipan mála og í nokkrum þeirra var lagt til að haft yrði frekara samráð um þær breytingar. Á þessar röksemdir var fallist og er því ekki lögð til í frumvarpinu breyting á framkvæmd eftirlits að svo stöddu. Ráðherra áformar að leggja til breytingar á framkvæmd eftirlits með frumvarpi á næsta löggjafarþingi að undangengnu samráði við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi haghafa.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna. Í frumvarpinu er lagt til að tilskipun 2010/75/ESB verði innleidd hér á landi. Tilskipunin byggist eins og áður segir á eldri tilskipunum um sama efni og hefur að meginstefnu ekki í för með sér auknar skyldur fyrir atvinnulífið. Það er einkum ný krafa um skýrslu um grunnástand lóðar sem mun hafa kostnaðaráhrif á atvinnulífið. Í frumvarpinu er lagt upp með að einfalda ferli við starfsleyfisveitingar með því að þær fari um eina miðlæga rafræna gátt. Auk þess er lagt upp með að draga úr vægi starfsleyfisskyldu og taka upp skráningarskyldu þess í stað. Við frumvarpsgerðina var haft að leiðarljósi að nýta þann sveigjanleika sem tilskipunin gefur færi á. Má þar nefna að lagt er til að gildistími starfsleyfa verði ótímabundinn og að ráðherra hafi heimild til þess að kveða á um skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Þó var í nokkrum tilvikum gengið lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir og er þess getið sérstaklega í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins. Á það einkum við um upplýsingar til almennings, svo sem birtingu eftirlitsskýrslna á vefsvæðum stjórnvalda.

Frumvarpið hefur áhrif á stjórnsýslu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Frumvarpið mun auka umfang vinnu Umhverfisstofnunar við útgáfu starfsleyfa og endurskoðun á starfsleyfum. Ekki er reiknað með þessu aukna umfangi í gildandi fjárlögum og ekki er gert ráð fyrir að það rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Kostnaður Umhverfisstofnunar vegna þessa er óverulegur eða um 5 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti gjöld til að mæta kostnaði við útgáfu starfsleyfa. Þannig verða engin fjárhagsáhrif hjá ríkissjóði af þessum sökum. Einnig þarf Umhverfisstofnun að hafa rafræna móttöku á umsóknum um starfsleyfi og skráningum frá rekstraraðilum. Enn fremur er aukið umfang hjá Umhverfisstofnun vegna aukinnar upplýsingagjafar á vefsvæði stofnunarinnar. Hjá stofnuninni eru til staðar upplýsinga- og skráningarsíður á netinu sem nota má í þessum tilgangi, svokallaðar „Mínar síður“, en auk þess er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun muni nýta sér rafrænar lausnir sem til eru hjá Þjóðskrá Íslands. Kostnaður er talinn óverulegur og rúmast innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldist óbreytt verði frumvarpið samþykkt. Hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga mun frumvarpið leiða til þess að umsvif þeirra við útgáfu starfsleyfa minnkar á næstu misserum og falla niður frá og með 1. janúar 2019. Um leið geta nefndirnar lagt meiri áherslu á að sinna eftirliti með markvissari hætti. Þá er lagt til í frumvarpinu að auknar skyldur verði lagðar á heilbrigðisnefndir varðandi upplýsingagjöf til almennings, m.a. með birtingu eftirlitsskýrslna á vefsvæði þeirra.

Þá hefur frumvarpið áhrif á almenning þar sem lagðar eru auknar skyldur á stjórnvöld að hafa upplýsingar um tiltekin málefni á vefsíðum stjórnvalda.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði nýju markmiði við núgildandi lög. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til afmörkun á gildissviði laganna og að þau gildi ekki í ákveðnum tilvikum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. I. viðauka við reglugerðina.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á nýjum hugtökum í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er bætt við hugtakinu „eftirlitsaðili“ sem er haft um heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun. Tilgangurinn er fyrst og fremst að hafa eitt hugtak um þessi stjórnvöld til hægðarauka þegar fjallað er um þau. Í öðru lagi er lögð til efnisleg breyting á skilgreiningu á hugtakinu „besta fáanlega tækni“. Lagt er til að breytt heiti verið notað um hugtakið, þ.e., „besta aðgengilega tækni“, einkum þar sem skammstöfunin BAT er notuð um þetta hugtak. Ákvæðið er efnislega samhljóða 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í þriðja lagi er lagt til að skilgreiningu á hugtökunum „stöð“ og „BAT-niðurstöður“ verði bætt við lögin. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin heimild fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð skráningarskyldu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við c-lið 7. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að 4. gr. a laganna, um starfsleyfi, verði felld brott vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við a–d-lið 7. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í a-lið er lagt til að bætt verði við lögin heimild fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð skráningarskyldu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við c-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lögð til breyting á orðalagi í samræmi við breytta hugtakanotkun sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins.

Í c- og d-lið eru lagðar til breytingar á tilvísunum til greina laganna í samræmi við breytta númeraröðun greina sem lögð er til í frumvarpinu.

Í e-lið er lagt til að bætt verði við lögin nýjum heimildum fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð tiltekin ákvæði sem frumvarpið kveður á um. Að öðru leyti er vísað til skýringa á einstökum greinum frumvarpsins þar sem þessi ákvæði er að finna.

Um 7. gr.

Um a-lið (6. gr.).

Í a-lið eru lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi við útgáfu starfsleyfa eins og fram kemur í 3. kafla greinargerðarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun gefi út öll starfsleyfi sem gefin verða út á grundvelli laganna. Samkvæmt núgildandi lögum eru það heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun sem gefa út starfsleyfi á grundvelli laganna. Þá er í frumvarpinu lagt til að tekin verði upp í áföngum skráningarskylda í stað útgáfu starfsleyfa í ákveðnum tilvikum, sbr. c-lið 7. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að unnt sé að taka upp skráningarskyldu fyrir flesta þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. skýringar við c-lið 7. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum er lagt til að Umhverfisstofnun gefi út þau starfsleyfi sem út af standa, þ.e. þau sem heilbrigðisnefndir sjá um samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem Umhverfisstofnun muni áfram gefa út starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem hún gefur nú þegar út starfsleyfi fyrir. Með því að hafa útgáfu starfsleyfa hjá einu stjórnvaldi er betur tryggt að sömu starfsleyfisskilyrði verði sett fyrir sambærileg fyrirtæki óháð hvar þau eru starfrækt á landinu. Í frumvarpinu er lagt til að frá og með 1. janúar 2019 verði öll útgáfa starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun, sbr. 45. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á 4. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í a-lið er einnig lagt til að starfsleyfi skuli veitt starfsemi sem uppfyllir þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Rétt þykir að hnykkja á því að stjórnvöldum ber að veita tiltekinni starfsemi starfsleyfi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Ef stjórnvald telur að tiltekin starfsemi uppfylli ekki þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar skal það leiðbeina rekstraraðilanum um það sem á skortir og beina því til rekstraraðilans að bæta úr því. Hafi rekstraraðilinn brugðist við ábendingum stjórnvaldsins skal án undantekninga veita rekstraraðilanum starfsleyfi. Hafi rekstraraðilinn hins vegar ekki brugðist við ábendingum stjórnvaldsins getur komið til álita að hafna umsókn rekstraraðilans. Þó er rétt að hafa í huga að greinin á ekki við í þeim tilvikum sem ráðherra hefur kveðið á um skráningarskyldu, sbr. c-lið 7. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á 5. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í a-lið er enn fremur lögð til breyting á gildistíma starfsleyfa. Samkvæmt núgildandi lögum skal gefa starfsleyfi út til tiltekins tíma. Í framkvæmd hafa starfsleyfi almennt verið gefin út til 12–16 ára í senn, en styttri gildistími þekkist einnig. Í tilskipun 2010/75/ESB er ekki gerð krafa um að starfsleyfi skuli hafa tiltekinn gildistíma heldur er lögð skylda á stjórnvöld að endurskoða starfsleyfin reglulega. Af þeim sökum er lagt til að gerð verði breyting á núverandi framkvæmd og lagt til í greininni að starfsleyfi verði ótímabundin. Hins vegar er lagt til að Umhverfisstofnun verði skylt að endurskoða starfsleyfi reglulega og a.m.k. á 16 ára fresti, sbr. j-lið 7. gr. frumvarpsins. Ljóst er að bæði gallar og kostir eru við nýtt fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu en telja verður að kostirnir séu fleiri en gallarnir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skráningarskylda í stað útgáfu starfsleyfa verði tekin upp í áföngum og ekki er gert ráð fyrir tímamörkum við framkvæmd hennar, þ.e. rekstraraðili þarf einungis að skrá starfsemi sína einu sinni. Eftir að rekstraraðili hefur skráð starfsemi sína getur hann starfað svo framarlega sem hann uppfyllir hlutaðeigandi kröfur sem gilda um starfsemina. Með því að hafa starfsleyfi ótímabundin verður ekki gerður aðstöðumunur á starfsemi hvort hún sé starfsleyfisskyld eða skráningarskyld. Þá mun nýja fyrirkomulagið draga úr álagi á stjórnsýsluna vegna þess að ekki verður lengur þörf á undanþágu frá starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu og gildistími eldra starfsleyfis er runninn út. Í nýja fyrirkomulaginu mun starfsleyfi gilda á meðan Umhverfisstofnun er að endurskoða starfsleyfið og endurskoðað starfsleyfi tekur síðan við af eldra starfsleyfi þegar endurskoðun þess er lokið. Með þessu móti þurfa fyrirtæki ekki að eiga á hættu að starfa án starfsleyfis vegna þess að gildistími starfsleyfis hafi runnið út. Eftir sem áður þurfa rekstraraðilar að uppfylla þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar. Þá ber að taka fram að starfsleyfi segir ekki til um hversu lengi tiltekin starfsemi skuli vera á tilteknum stað heldur einungis hvaða kröfur eru gerðar til

starfseminnar á þessum tiltekna stað til þess að draga úr mengun frá starfseminni á staðnum. Rekstraraðili þarf að tryggja að hann geti verið með starfsemina á tilteknum stað með samningum við eiganda lóðar eða eiga lóðina sjálfur. Þá þarf starfsemin að vera í samræmi við skipulag. Uppsögn leigusamnings á lóð eða breytingar á skipulagi geta leitt til þess að starfsemin þurfi að víkja af tiltekinni lóð þrátt fyrir að rekstraraðilinn hafi starfsleyfi fyrir starfsemina þar.

Um b-lið (7. gr.).

Í b-lið er fjallað um hvernig standa skuli að útgáfu starfsleyfa og byggist ákvæðið að mestu leyti á 6. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á núverandi framkvæmd. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að einungis Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi frá og með 1. janúar 2019 eins og segir í a-lið 7. gr. frumvarpsins, sbr. 45. gr.

Í öðru lagi er áréttuð skylda rekstraraðila sem sækja um starfsleyfi að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi. Sambærilega kröfu er að finna í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um er að ræða skyldu sem lögð er á rekstraraðila og af þeim sökum er nauðsynlegt að hún hafi fullnægjandi lagastoð. Ákvæðinu er jafnframt ætlað að innleiða 12. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Ráðherra mun kveða á um nánari útfærslu á ákvæðinu í reglugerð.

Í þriðja lagi er lögð skylda á Umhverfisstofnun að hafa aðgengilegar upplýsingar um útgáfu starfsleyfa og önnur tilgreind atriði. Telja verður mikilvægt að hagsmunaaðilar og almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um framangreind atriði til að auðvelda þeim að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við fyrirhugaðar ákvarðanir Umhverfisstofnunar. Um er að ræða innleiðingu á 24. og 25. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um alla starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna, og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum.

Í fjórða lagi er lagt til að stytta auglýsingatíma á tillögum að starfsleyfi úr átta vikum í fjórar vikur.

Þá er lagt til að Umhverfisstofnun auki við upplýsingagjöf sína svo sem varðandi útgáfu starfsleyfa. Þannig er gert ráð fyrir að umsóknir um starfsleyfi, umsóknir um breytingar á starfsleyfum og upplýsingar um endurskoðun á starfsleyfum verði gerðar aðgengilegar á vefsvæði Umhverfisstofnunar. Telja verður að með þessu móti ættu aðilar, sem hafa áhuga á endurskoðun tiltekins starfsleyfis, að hafa aukin tækifæri á að kynna sér fyrirhugaða útgáfu á starfsleyfi eða endurskoðun starfsleyfis og undirbúa sig fyrir að koma með athugasemdir við starfsleyfistillögu. Af þeim sökum ættu fjórar vikur að duga þeim aðilum sem vilja gera athugasemdir við útgáfu á starfsleyfi eða endurskoðun þess.

Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun skuli auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Samkvæmt núgildandi lögum skal Umhverfisstofnun auglýsa útgáfu starfsleyfa í Stjórnartíðindum. Talið er að ein helsta ástæðan fyrir framangreindri skyldu hafi verið sú að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um gildistöku tiltekinna starfsleyfa. Telja verður að unnt sé að ná fram framangreindu markmiði með öðrum hætti en með birtingu í Stjórnartíðindum. Af þeim sökum er lagt til að Umhverfisstofnun verði gert skylt að auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Almenningur mun því auðveldlega geta nálgast þessar upplýsinga á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Um c-lið (8. gr.).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi við útgáfu starfsleyfa, sbr. umfjöllun í 3. kafla greinargerðarinnar og skýringar við a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að ráðherra hafi heimild til að kveða á um að tiltekin starfsemi sé skráningarskyld í stað þess að vera starfsleyfisskyld. Gert er ráð fyrir að unnt sé

að taka upp skráningarskyldu fyrir flesta þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir. Samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er ráðherra heimilt að gefa út lista yfir tiltekna starfsemi sem ekki er talin þörf á ítarlegri starfsleyfisgerð fyrir. Slíkur listi hefur verið birtur með auglýsingu nr. 582/2000. Umhverfisstofnun, í samráði við heilbrigðisnefndir, hefur gefið út samræmd starfsleyfisskilyrði sem gilda fyrir mismunandi starfsemi. Heilbrigðisnefndir hafa síðan vísað til samræmdra starfsleyfisskilyrða í starfsleyfum sem þær hafa gefið út. Í mörgum tilvikum bæta starfsleyfin ekki öðru við samræmdu starfsleyfisskilyrðin en upplýsingum um viðkomandi starfsemi, svo sem rekstraraðila, staðsetningu og umfang starfseminnar. Í öðrum tilvikum er frekari útfærsla í starfsleyfi viðkomandi starfsemi auk þess sem síðan er vísað til samræmdu starfsleyfisskilyrðanna sem gilda um viðkomandi rekstur. Af þeim sökum er raunhæft að ætla sem svo að unnt sé að útbúa almenn leyfisskilyrði sem gildi um tiltekna starfsemi og innihaldi kröfur eða tilvísanir til þeirra krafna sem til starfseminnar eru gerðar. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji af stað vinnu við gerð almennra leyfisskilyrða í samráði við Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Í þeirri vinnu verður lagt mat á hvort viðkomandi starfsemi henti fyrir skráningarskyldu og ef svo er verður hafist handa við að útbúa almenn leyfisskilyrði. Fyrir einstaka starfsemi kunna að vera fyrir hendi gildar ástæður til að hafa starfsleyfi áfram.

Í öðru lagi er í greininni lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi. Gert er ráð fyrir að útfærð verði í reglugerð almenn leyfisskilyrði sem gildi um tiltekna starfsemi og innihaldi kröfur eða tilvísanir til þeirra krafna sem til starfseminnar eru gerðar. Hér er einkum átt við almennar kröfur til þeirrar starfsemi sem verður skráningarskyld en ekki útilokað að heimildinni verði beitt í öðrum tilvikum, þ.e. þegar starfsemi er starfsleyfisskyld.

Í þriðja lagi er lagt til í greininni að rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar skuli skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að rekstraraðili, sem hyggst starfrækja tiltekna starfsemi, skrái fyrirhugaða starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun í rafræna gátt. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun notist við sama kerfi og Þjóðskrá hefur komið á fót varðandi skráningu á heimagistingu hjá sýslumannsembættum. Rekstraraðili skráir sig inn í kerfið með Íslykli eða rafrænum skilríkjum og kerfið leiðir hann í gegnum skráningarferlið. Í ferlinu fær rekstraraðilinn leiðbeiningar um hvaða kröfur eru gerðar til fyrirhugaðrar starfsemi og þarf rekstraraðilinn að lýsa yfir að hann uppfylli þær við skráningu starfseminnar. Umhverfisstofnun staðfestir skráninguna og sendir upplýsingar um væntanlega starfsemi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd móttekur upplýsingar um skráningu rekstraraðilans frá Umhverfisstofnun og skráir rekstraraðilann á lista heilbrigðisnefndarinnar um eftirlitsskyld fyrirtæki. Heilbrigðisnefnd mun síðan hafa eftirlit með rekstraraðilum til þess að ganga úr skugga um að starfsemi hans sé í samræmi við löggjöf. Heilbrigðisnefnd ákveður hvenær hún framkvæmir fyrsta eftirlit með rekstraraðila eftir að skráning hans berst. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili geti hafið starfsemi um leið og hann hefur skráð starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun enda hafi hann þá uppfyllt þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar. Heilbrigðisnefnd gengur svo úr skugga um að svo sé og verði misbrestur á því getur nefndin gripið til viðeigandi þvingunarúrræða.

Um d-lið (9. gr.).

Í d-lið er tilgreint hvaða atriði Umhverfisstofnun skuli tryggja að séu í starfsleyfi og verður það nánar útfært í reglugerð sem ráðherra setur. Um er að ræða innleiðingu á 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Skv. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er aðildarríkjum heimilt að fela stjórnvöldum í vissum tilvikum að kveða á um starfsleyfisskilyrði. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra geti ef þörf er á veitt Umhverfisstofnun heimild til að setja starfsleyfisskilyrði að uppfylltum skilyrðum sem fram komi í reglugerð sem ráðherra setur. Hér er um að ræða

valkvæða heimild sem verður ekki virk fyrr en kveðið hefur verið á um hana í reglugerð. Að lokum er kveðið á um hvaða atriði skuli að öðru leyti sett í starfsleyfi og eru þessi atriði efnislega samhljóða því sem er í núgildandi lögum.

Um e–æ-lið (10.–32. gr.).

Í e–æ-lið er lagt til að nýjum greinum verði bætt við lögin vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Ákvæðin byggjast að öllu leyti á tilskipuninni og eru efnislega samhljóða henni. Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru tekin upp í núgildandi lög og verða ákvæðin síðan nánar útfærð með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli laganna.

Í e-lið (10. gr.) er um að ræða innleiðingu á 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í f-lið (11. gr.) er um að ræða innleiðingu á 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í g-lið (12. gr.) er um að ræða innleiðingu á 18. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í h-lið (13. gr.) er um að ræða innleiðingu á 19. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB mun framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vinna að og gefa út niðurstöðu um bestu, aðgengilegu tækni, BAT-niðurstöðu, fyrir hlutaðeigandi starfsemi. Framkvæmdastjórnin mun gefa út framangreindar niðurstöður út í formi ákvarðana sem munu verða innleiddar hér á landi í formi reglugerðar sem ráðherra setur. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun birti niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni á vefsvæði sínu og/eða tilvísun til reglugerða sem innleiða framangreindar niðurstöður.

Í i-lið (14. gr.) er um að ræða innleiðingu á 20. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í j-lið (15. gr.) er um að ræða innleiðingu á 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í ákvæðinu er lögð til breyting á gildistíma starfsleyfa og er vísað til umfjöllunar um a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í k-lið (16. gr.) er um að ræða innleiðingu á 22. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Líkt og kemur fram í 3. kafla greinargerðarinnar er hér um að ræða nýmæli og ný skylda lögð á tiltekinn rekstraraðila. Í greininni er fjallað um grunnskýrslu um ástand umhverfisins (e. baseline report) og er tilgangurinn með ákvæðinu að tryggja að við lok rekstrar séu gæði endurheimt, t.d. skal iðnaðarlóð skilað í sama ástandi og grunnskýrslan segir til um. Umhverfisstofnun er ætlað að setja ákvæði í starfsleyfi um lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega. Í ákvæðinu felst að Umhverfisstofnun þarf að meta hvort rekstraraðili hafi gripið til nauðsynlegra ráðstafana ef starfsemin hefur valdið umtalsverðri mengun samanborið við stöðuna sem staðfest er í grunnskýrslunni.

Í l-lið (17. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 26. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í m-lið (18. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Gert er ráð fyrir að núverandi stuðningur við nýsköpun hér landi á landi teljist nægjanlegur til þess að uppfylla ákvæði 27. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og frumvarpið kalli ekki á frekari aðgerðir á þessu sviði.

Í n-lið (19. gr.) er um að ræða innleiðingu á 28. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í o-lið (20. gr.) er um að ræða innleiðingu á 29. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í p-lið (21. gr.) er um að innleiðingu á 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í q-lið (22. gr.) er um að ræða innleiðingu á 36. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Rétt er að benda á að skv. 32. gr. a laga um loftslagsmál er óheimilt að geyma koldíoxíð í jarðlögum, sérefnahagslögsögu og á landgrunni. Framangreint bann tekur þó ekki til verkefna í rannsóknar-, þróunar- eða prófunarskyni ef um er að ræða verkefni þar sem ætlunin er að geyma minna en samtals 100 kílótonn koldíoxíðs.

Í r-lið (23. gr.) er um að ræða innleiðingu á 37. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í s-lið (24. gr.) er um að ræða innleiðingu á 38. og 39. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í t-lið (25. gr.) er um að ræða innleiðingu á 40. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í u-lið (26. gr.) er um að ræða innleiðingu á 56. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í v-lið (27. gr.) er um að ræða innleiðingu á 58. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í x-lið (28. gr.) er um að ræða innleiðingu á 59. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í y-lið (29. gr.) er um að ræða innleiðingu á 62. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Í z-lið (30. gr.) er um að ræða innleiðingu á 63. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Í þ-lið (31. gr.) er um að ræða innleiðingu á 66. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Í æ-lið (32. gr.) er um að ræða innleiðingu á 68.–70. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 8., 10., 14.–29., 31.–37. og 39.–44. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til ýmsar breytingar sem tengjast breyttri kaflaskipan og nýjum greinum og röð greina, sem og fyrirsögnum, og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. b núgildandi laga utan þess að tilvísun til fylgiskjala með lögunum hefur verið breytt til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í a- og b-lið eru lagðar til breytingar á orðalagi til samræmis við breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
Í c-lið eru lagðar til breytingar á tilvísunum til greina laganna í samræmi við breytta númeraröðun greina sem lögð er til í frumvarpinu.

Um 12. gr.

Greinin er sett til innleiðingar á 9. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 13. gr.

Um a–c-lið (38.–40. gr.).

Í a–c-lið er lagt til að nýjum greinum verði bætt við lögin vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Ákvæðin byggjast að öllu leyti á tilskipuninni og eru efnislega samhljóða henni. Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru tekin upp í núgildandi lög og verða ákvæðin síðan nánar útfærð með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli laganna.
Í a-lið (38. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 11. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Í b-lið (39. gr.) er um að ræða innleiðingu á 7. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.
Í c-lið (40. gr.) er um að ræða innleiðingu á 8. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 30. gr.

Um a-lið (54. gr.).

Í a-lið er lagt til að nýrri grein verði bætt við lögin um eftirlit.
Fyrstu tvær málsgreinar greinarinnar fela ekki í sér efnisbreytingar á núverandi fyrirkomulagi laganna. Atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna er háður eftirliti annaðhvort frá heilbrigðisnefndum eða Umhverfisstofnun og hafa eftirlitsaðilarnir heimildir til sýnatöku og að óska eftir upplýsingum.
Með frumvarpinu er ætlunin að skerpa á núverandi framkvæmd eftirlits með starfsemi sem fellur undir lögin, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Í 3. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun skuli gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna og skal áætlunin endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á. Þetta er nýmæli. Í 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð krafa um að hvert aðildarríki

Evrópusambandsins útbúi eftirlitsáætlun sem nái til þeirrar starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Gildissvið tilskipunarinnar er þrengra en gildissvið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar nái til allrar starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna, og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum. Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að eftirlitsáætlun stjórnvalda nái til allrar starfsemi sem heyrir undir lögin. Tíðni eftirlits er í dag grundvölluð á reglugerð um mengunarvarnaeftirlit, sem sett var árið 1999, og ákvörðuð við útgáfu starfsleyfis. Ljóst er að framkvæmd og tíðni eftirlits tekur ekki að öllu leyti nægjanlega mikið tillit til þeirrar áhættu sem stafar af viðkomandi starfsemi. Af þeim sökum er lagt til að unnin verði eftirlitsáætlun af Umhverfisstofnun sem taki mið af þeirri áhættu sem stafar af viðkomandi starfsemi og tíðni eftirlits verði ákvörðuð með hliðsjón af áhættunni. Í 3. mgr. 23. tilskipunar 2010/75/ESB eru tilgreind þau atriði sem eiga að vera hluti af eftirlitsáætlun og mun það verða útfært í reglugerð sem ráðherra setur.

Í 4. mgr. er lagt til að eftirlitsaðilar, þ.e. heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, geri reglulega áætlanir, á grundvelli eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar, um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri sem tilgreindur er í viðauka I–V, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun munu skipuleggja tíðni eftirlits með hliðsjón af þeim viðmiðum sem fram koma í lögunum og í eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar. Í 4. mgr. 23. tilskipunar 2010/75/ESB eru tilgreind þau atriði sem taka á mið af við gerð áætlunar um reglubundið eftirlit á grundvelli eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar. Ráðherra mun kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Í 5. mgr. er lagt til að eftirlitsaðili skuli eftir hverja vettvangsheimsókn taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi reglufylgni starfseminnar við leyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Ekki er um að ræða efnislega breytingu á núverandi fyrirkomulagi við framkvæmd eftirlits. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða skýrar á um núverandi framkvæmd í lögunum, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Jafnframt er í greininni lagt til að skýrslan verði gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila. Í 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að eftirlitsskýrslur varðandi atvinnurekstur sem fellur undir viðauka I, sbr. 46. gr. frumvarpsins, skuli gerðar aðgengilegar fyrir almenning. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsskýrslur varðandi atvinnurekstur sem fellur undir lögin skuli gerðar aðgengilegar og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum. Hafa verður í huga að unnt er að óska eftir aðgengi að eftirlitsskýrslum á grundvelli upplýsingalaga og um nokkurt skeið hefur Umhverfisstofnun birt eftirlitsskýrslur á vefsvæði sínu. Að mati ráðuneytisins mun opinber birting á niðurstöðum eftirlits skapa aukið traust á fyrirkomulagi eftirlits og stuðla enn frekar að því að fyrirtæki kappkosti að framfylgja gildandi löggjöf.

Greinin er sett til innleiðingar á 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um b-lið (55. gr.).

Í b-lið er fjallað um viðbrögð eftirlitsaðila við frávikum í starfsemi rekstraraðila. Ekki er um að ræða efnisbreytingu á núverandi framkvæmd við eftirlit enda gerir núverandi fyrirkomulag ráð fyrir að atvinnurekstur sem fellur undir lögin sé háður eftirliti annaðhvort frá heilbrigðisnefndum eða Umhverfisstofnun. Ef eftirlit framangreindra aðila leiðir í ljós að einhverju sé ábótavant í hlutaðeigandi starfsemi hafa stjórnvöldin gert athugasemdir og eftir atvikum beitt þvingunarúrræðum til þess að bætt hafi verið úr ágöllum. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða skýrar á um núverandi framkvæmd í lögunum, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Um er að ræða innleiðingu á 8. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 38. gr.

Í greininni er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 28. gr. gildandi laga. Málsgreinin er samhljóða 6. gr. e laganna en þeirri grein er breytt með 12. gr. frumvarpsins. Betur fer á að hafa málsgreinina í kaflanum um þvingunarúrræði þar sem hún fjallar um heimildir heilbrigðisnefnda til að beita þvingunarúrræðum þegar um er að ræða færanlega starfsemi sem er stunduð á svæði nefndarinnar og er með starfsleyfi gefið út á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði.

Um 45. gr.

Líkt og rakið er í 3. kafla greinargerðarinnar, sem og skýringum við a-lið 7. gr. frumvarpsins, þarf að undirbúa upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfa. Af þeim sökum er lagt til að óbreytt fyrirkomulag verði á útgáfu starfsleyfa til og með 31. desember 2018. Jafnframt er lagt til að heilbrigðisnefndir afgreiði þær umsóknir um starfsleyfi sem berast þeim fyrir 1. janúar 2019, þ.e. til og með 31. desember 2018.

Um 46. gr.

Í greininni er lagt til að fylgiskjöl I–III við lögin falli brott. Í stað þeirra koma fimm nýir viðaukar, sbr. 47. gr. frumvarpsins.

Í viðauka I er tilgreindur atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka I með tilskipun 2010/75/ESB. Í viðauka II er tilgreindur atvinnurekstur, sem er ekki að finna í viðauka I með tilskipun 2010/75/ESB og er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Í viðauka III er tilgreindur atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka VII með tilskipun 2010/75/ESB. Í viðauka IV er tilgreindur atvinnurekstur sem er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi. Viðaukinn er samhljóða fylgiskjali 2 með reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í viðauka V er tilgreindur atvinnurekstur sem er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi. Viðaukinn er samhljóða fylgiskjali III með núgildandi lögum.

Um er að ræða innleiðingu á viðauka I og VII með tilskipun 2010/75/ESB.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 48. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2017 fyrir utan eitt ákvæði laganna. Í k-lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til að rekstraraðili skuli gera skýrslu um grunnástand. Rétt þykir að að gefa rekstraraðilum aðlögunartíma áður en þessi skylda verður á þá lögð. Af þeim sökum er lagt til að rekstraraðili þurfi ekki að taka saman skýrslu um grunnástand eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana fyrr en eftir 1. júlí 2018.

Um 49. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB og samsvarandi breytingar á útgáfu starfsleyfa, endurskoðunar starfsleyfa og heimildar ráðherra til að kveða á um skráningarskyldu og lagðar

eru til í frumvarpinu varðandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 1. og 2. tölul. eru lagðar til breytingar á 14. og 16. gr. laganna til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á útgáfu starfsleyfa og endurskoðun þeirra og að skráningarskylda komi í stað starfsleyfa í ákveðnum tilvikum. Um þessi atriði er vísað til umfjöllunar í 3. kafla greinargerðarinnar sem og skýringa við a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í 3. tölul. er lagt til að bætt verði við lögin nýjum heimildum fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð þau atriði sem eru tilgreind í greininni.

Í 4. tölul. er lagt til að 62. gr. laganna verði breytt og bætt við hana tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 44. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 5. tölul. er lagt til að 63. gr. laganna verði breytt og við hana bætt tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 45. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 6. tölul. er lagt til að fimm nýjum greinum verði bætt við lögin. Í a-lið er um að ræða innleiðingu á 47. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í b-lið er um að ræða innleiðingu á 49. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í c-lið er um að ræða innleiðingu á 50. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í d-lið er um að ræða innleiðingu á 52. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í e-lið er um að ræða innleiðingu á 54. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 7. tölul. er lagt til að 64. gr. laganna verði breytt og við hana bætt tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 46. og 48. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 8. tölul. er lagt til að nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við lögin. Líkt og rakið er í 3. kafla greinargerðarinnar, sem og skýringum við a-lið 7. gr. frumvarpsins, þarf að undirbúa upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfa. Af þeim sökum er lagt til að óbreytt fyrirkomulag verði á útgáfu starfsleyfa til og með 31. desember 2018. Jafnframt er lagt til að heilbrigðisnefnd afgreiði þær umsóknir um starfsleyfi sem hafi borist til nefndarinnar fyrir 1. janúar 2019, þ.e. til og með 31. desember 2018.

Deloitte.



Reykjavíkurborg
Greining á þróun Airbnb íbúða í höfuðborginni

Maí 2017

Efnisyfirlit

Inngangur og afmörkun

Niðurstöður mælinga

Samantekt

© 2017 Deloitte ehf.

Inngangur og afmörkun verkefnis

Hvað var beðið um og hvað leyfa gögnin

Verkefni sem Deloitte var falið:

- Greina skal og brjóta niður á hverfi og tíma
  - A) fjölda skráðra Airbnb íbúða
  - B) Meðalverð/Leigugjald pr dag á Airbnb íbúðir í Reykjavík
- Sýna skal nústöðu (nýjustu gögn) og þróun yfir tíma (aftur til 2014-10)
- Aðeins skal horfa á virka eignir

Afmörkun:

- Virkar eignir eru skilgreindar svona:
  - Virk eign = Eign hefur skapað leigutekjur í viðk. mánuði EÐA á hana eru bókaðir dagar
  - Óvirk eign = Hvorki skráðar tekjur á viðkomandi eign í mánuði NÉ fráteknir dagar
- Elstu gögn ná aftur til september 2014
- Nýjustu gögn eru síðan mars 2017
- Aðeins eru skoðuð hverfi sem tilheyra Reykjavík
  - Athugið að einstaka eignir eru ekki flokkaðar niður á hverfi.
    Þær eignir eru merktar „Reykjavík" en ekki ákveðnu hverfi.

Hverfi til skoðunar:

Svæði	Hverfi
Reykjavík	Árbær
	Breiðholt
	Grafarvogur
	Háaleiti og Bústaðir
	Hlíðar
	Laugardalur
	Miðbær
	Reykjavík
	Vesturbær

© 2017 Deloitte ehf.

Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

Án niðurbrots



Greining

- Sveiflur á milli árstíma virðast minnka á milli 2015 og 2016
- Að hámarki voru 2.622 einingar virkar í útleigu árið 2016 (ágúst)

© 2017 Deloitte ehf.

Fjölgun leigurýma á milli tímabila

T.d. Jan 2015 sbr við Jan 2016 = 330% aukning



Greining

- Aukning milli tímabila fer minnkandi
- Aukning á milli tímabilana Jan15 og Jan16 var 330%
- Aukning á milli tímabilana Jan16 og Jan17 var 176%

© 2017 Deloitte ehf.

Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

Flokkað eftir tegund rýmis



Greining

- Stærstur hluti allra eininga í útleigu tilheyrir flokknum heimili eða einkarými.
- Flokkurinn „deilirými" í algerum minnihluta.

© 2017 Deloitte ehf.

Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

Flokkað eftir hverfum



Fjöldi eigna mars 2017



Fjöldi eigna júlí 2016



© 2017 Deloitte ehf.

Gagnatafla fyrir rit á glærum 4-7

Heildarfjöldi leigurýma – Aðeins virk rými (sjá skilgreiningu)

Eignir pr tegund og tímabil

Ár	Mán	Heimili	Einkarými	Deilirými
2015	Janúar	307	107	3
	Febrúar	289	109	2
	Mars	328	122	3
	Apríl	354	127	3
	Maí	550	200	11
	Júní	777	263	13
	Júlí	933	296	15
	Ágúst	1040	356	20
	September	832	317	11
	Október	680	218	7
	Nóvember	852	262	12
	Desember	1067	321	18
2016	Janúar	1039	315	24
	Febrúar	964	309	10
	Mars	1115	364	16
	Apríl	1054	360	20
	Maí	1399	510	45
	Júní	1791	629	60
	Júlí	1931	636	46
	Ágúst	1893	676	53
	September	1595	634	59
	Október	1469	574	37
	Nóvember	1438	591	38
	Desember	1806	640	48
2017	Janúar	1752	638	41
	Febrúar	1453	523	37
	Mars	1465	566	37

Eignir pr tímabil og fjölgun milli tímabila

Ár	Mán	Fjöldi	Aukning
2015	Janúar	417	
2015	Febrúar	400	
2015	Mars	453	
2015	Apríl	484	
2015	Maí	761	
2015	Júní	1053	
2015	Júlí	1244	
2015	Ágúst	1416	
2015	September	1160	
2015	Október	905	
2015	Nóvember	1126	
2015	Desember	1406	
2016	Janúar	1378	330%
2016	Febrúar	1283	321%
2016	Mars	1495	330%
2016	Apríl	1434	296%
2016	Maí	1954	257%
2016	Júní	2480	236%
2016	Júlí	2613	210%
2016	Ágúst	2622	185%
2016	September	2288	197%
2016	Október	2080	230%
2016	Nóvember	2067	184%
2016	Desember	2494	177%
2017	Janúar	2431	176%
2017	Febrúar	2014	157%
2017	Mars	2068	138%

Eignir pr tímabil og hverfi

Ár	Mán	Árbær	Breiðholt	Grafarvogur	Háaleiti og Bústaðir	Hlíðar	Laugardalur	Miðbær	Reykjavík	Vesturbær
2015	Janúar	2	1	3	22	54	30	227	7	71
	Febrúar	0	1	4	12	48	20	237	7	71
	Mars	0	1	4	20	54	31	259	9	75
	Apríl	2	0	4	20	67	38	265	9	79
	Maí	7	10	11	27	126	75	361	12	132
	Júní	16	17	13	43	177	110	453	23	201
	Júlí	19	22	24	48	214	125	504	28	260
	Ágúst	23	32	26	66	248	144	560	33	284
	September	18	21	17	47	204	112	482	26	233
	Október	9	11	13	25	148	79	421	23	176
	Nóvember	12	11	13	34	183	76	537	26	234
	Desember	21	21	21	51	224	111	623	33	301
2016	Janúar	19	20	20	52	220	112	611	38	286
	Febrúar	13	19	22	35	212	90	591	30	271
	Mars	13	25	25	57	249	114	664	39	309
	Apríl	18	20	28	44	255	116	619	28	306
	Maí	25	36	47	75	367	169	783	51	401
	Júní	38	53	61	106	453	243	921	69	536
	Júlí	39	59	66	103	504	243	952	78	569
	Ágúst	42	60	70	103	501	244	964	77	561
	September	31	48	53	87	437	207	873	63	489
	Október	35	44	51	83	392	180	807	55	433
	Nóvember	31	51	51	89	401	183	802	46	413
	Desember	41	64	57	126	458	238	938	70	502
2017	Janúar	42	62	61	119	448	241	914	62	482
	Febrúar	33	55	61	98	333	193	793	50	398
	Mars	34	51	56	100	351	199	831	47	399

© 2017 Deloitte ehf.

Þróun dagleigu í ISK og USD pr tímabil

Trendlínur sýna línulega nálgun fyrir USD og ISK verð fyrir dagleigu



Greining

- USD dagleiga fer að meðaltali hækkandi. Hallatala línulegrar nálgunar er 0,63.
  Þ.e. á hverju tímabili hækkar leigan að meðaltali um sem nemur 0,6 USD.
- Raunvirði ISK dagleigu fer lítillega lækkandi. Hallatala línulegrar nálgunnar er -10,7.
  Þ.e. að meðaltalai hefur leiga í ISK lækkað um 10 kr við hvert nýtt timabil.
- Hækkandi USD eiga hefur ekki náð að vinna upp ISK krónu sem er að styrkjast
- Greina má nokkrar árstíðar-sveiflur í verðlagningu, sértaklega á árinu 2016

© 2017 Deloitte ehf.

Samanburður á dagleigu á milli helstu hverfa Reykjavíku

Niður á tímabil



Greining

- Grafið sýnir meðalverð leigurýmis óháð tegund þess.
- Leigurými í miðborg Reykjavíkur merkjanlega dýrara en önnur hverfi.
- Sambærilega fylgni milli tímabila og verðs má sjá í öllum hverfum.
- Auðsjánleg verðsveifla yfir sumartíma 2016 sem ekki er sjáanleg 2015

© 2017 Deloitte ehf.

Samanburður á dagleigu eftir tegund leigurýmis

Niður á tímabil



Greining

- Grafið sýnir meðalverð leigurýmis óháð tegund þess.
- Leigurými í miðborg Reykjavíkur merkjanlega dýrara en önnur hverfi.
- Verðsveiflur varla merkjanlegar árið 2015 en augljósar árið 2016

© 2017 Deloitte ehf.

Heildartekjur sem skapast hafa af útleigu á Airbnb

Niður á tímabil, tölur í ISK



Greining

- Heildartekjur af leigu Airbnb rýma árið 2016 = 6,8mia
- Heildartekjur af leigu Airbnb rýma árið 2015 = 2,5mia
- Tæplega þrefölld tekjuaukning fyrir leigusala í Reykjavík

© 2017 Deloitte ehf.

Gagnatafla fyrir rit á glærum 9-11

Dagleiga og heildartekjur – Aðeins virk rými (sjá skilgreiningu)

Dagleiga (ISK og USD) pr tímabil

Ár	Mán	Dagleiga ISK	Dagleiga USD	Mánaðar gengi USD
2014	September	15.517	130,38	119,01
	Október	16.125	133,46	120,82
	Nóvember	16.942	137,06	123,61
	Desember	16.993	135,99	124,96
2015	Janúar	18.619	141,51	131,57
	Febrúar	18.490	140,05	132,03
	Mars	18.560	135,65	136,82
	Apríl	18.005	132,25	136,15
	Maí	18.204	137,37	132,52
	Júní	18.179	137,43	132,28
	Júlí	18.366	137,05	134,01
	Ágúst	18.418	139,75	131,79
	September	16.999	132,65	128,15
	Október	16.284	128,84	126,39
	Nóvember	17.317	132,08	131,11
	Desember	18.342	141,03	130,06
2016	Janúar	17.233	132,30	130,26
	Febrúar	16.084	125,39	128,27
	Mars	16.216	127,72	126,97
	Apríl	15.481	125,02	123,83
	Maí	16.865	136,39	123,65
	Júní	18.731	151,88	123,33
	Júlí	19.268	157,92	122,01
	Ágúst	18.673	158,45	117,85
	September	16.665	145,14	114,82
	Október	16.101	141,08	114,13
	Nóvember	15.475	137,81	112,29
	Desember	18.576	165,08	112,53
2017	Janúar	17.732	155,01	114,39
	Febrúar	16.854	151,10	111,54
	Mars	16.553	151,64	109,16

ISK dagleiga pr tegund rýmis

Ár	Mán	Deili rými	Einka rými	Heimili
2014	September	5.296	10.306	18.385
	Október	7.128	8.059	19.471
	Nóvember	6.057	8.669	20.274
	Desember	6.186	9.111	19.697
2015	Janúar	6.052	9.242	22.010
	Febrúar	6.535	9.406	21.999
	Mars	6.294	9.460	22.056
	Apríl	5.866	9.297	21.233
	Maí	4.892	9.407	21.669
	Júní	5.289	9.716	21.259
	Júlí	5.696	9.585	21.356
	Ágúst	6.126	9.906	21.568
	September	4.651	8.915	20.242
Menntun og/eða starfsþjálfun	49	22,4	10,2	8,2	2,0	6,1	89,8
Heimsækja vini/ættingja	113	15,0	11,5	4,4	9,7	6,2	92,0
Vinnuhvataferðir	7	0,0	28,6	0,0	14,3	0,0	85,7
Tímabundin vinna á Íslandi	12	0,0	8,3	0,0	16,7	16,7	100,0
Heilsutengd meðferð	<5						
Viðburður á Íslandi (tengt tómstundum)	94	**17,0**	**10,6**	3,2	14,9	7,4	85,1

Ekki er reiknuð marktekt þegar svarendur geta valið fleiri en eitt svar.

+Í þessari bakgrunnsbreytu gátu svarendur valið fleiri en eitt svar, því er marktekt ekki reiknuð milli hópa.

Sp. 114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Nefnt fyrst.

	Fjöldi	%
Náttúra/Landslag	970	49,9
Fólkið/Gestrisni	146	7,5
Afþreying/Margt að gera og sjá	103	5,3
Óspillt náttúra	59	3,0
Upplýsingar/Skilti/ Upplýsingamiðstöðvar	50	2,6
Þjónusta/Gæði	46	2,4
Einstakt/Framandlegt/Öðruvísi	44	2,3
Þjónusta í tengslum við skoðunarferðir/ Leiðsögumenn	43	2,2
Aðgengi/Einfaldleiki/Innviðir	38	2,0
Enskukunnátta/Önnur tungumál töluð	36	1,9
Skipulag/Fagmennska	31	1,6
Almenningssamgöngur	26	1,3
Ekki of margir ferðamenn /Afskekkt/Ekki of túristalegt	21	1,1
Markaðssetning/Kynningarmál	16	0,8
Sundlaugar/Náttúruböð/Heilsulindir	16	0,8
Hreint loft/Hreinleiki landsins	14	0,7
Hverir/Jarðhiti	13	0,7
Nálægt/Lega landsins	13	0,7
Söfn/Sýningar	11	0,6
Landið sjálft	8	0,4
Matur/Veitingastaðir	7	0,4
Flugfélag	6	0,3
Verðlag	5	0,3
Gisting	4	0,2
Afslappað/Kyrrð og ró/Andrúmsloftið	4	0,2
Hestar/Hestaferðir	4	0,2
Dýralíf/Jurtaríki	3	0,2
Öruggt	2	0,1
Reykjavík	2	0,1
Næturlíf	2	0,1
Víðátta	1	0,1
Verslun/Vörur/Tíska	1	0,1
Ganga/Göngustígar	1	0,05
Veðurfar	1	0,1
Bjartar nætur/Dagsbirta	1	0,1
Annað	194	10,0
Gild svör	1942	100,0
Gildir svarendur	1942	73,9
Svöruðu ekki	687	26,1
Heildarfjöldi	2629	100,0

Sp. 114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Nefnt fyrst.

	Gild svör	Náttúra/ Landslag	Fólkið/ Gestrisni	Afþreying/ Margt að gera og sjá	Óspillt náttúra	Upplýsingar/ Skilti/ Upplýsinga-miðstöðvar	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
Allir	1942	49,9	7,5	5,3	3,0	2,6	31,6
Kyn*							
Karl	940	53,6	6,4	4,6	3,4	1,9	30,1
Kona	989	46,1	8,5	6,0	2,7	3,1	33,6
Aldur*							
24 ára og yngri	255	45,5	5,1	9,8	2,0	3,5	34,1
25-34 ára	613	48,1	8,0	6,0	3,1	2,8	32,0
35-44 ára	364	53,8	4,7	4,4	3,8	0,8	32,4
45-54 ára	298	53,4	9,7	2,7	3,7	1,7	28,9
55 ára og eldri	371	48,8	8,9	3,8	2,7	3,5	32,3
Hvert er starfsheiti þitt?*							
Framkvæmdastjóri	241	51,9	5,8	2,5	3,3	2,1	34,4
Sérfræðingur (læknir/lögfr./bókari o.fl.)	459	52,7	8,3	5,4	3,3	1,7	28,5
Aðrir sérfræðingar	256	47,3	6,6	5,5	4,3	1,2	35,2
Kennari/Starfsm. í heilbr.þjón.	251	48,6	**12,4**	5,2	1,6	3,6	28,7
Starfsm. á skrifstofu/í þjónustu	102	51,0	2,0	6,9	2,0	2,0	36,3
Tækni-/iðnfræðingur	83	55,4	3,6	3,6	1,2	1,2	34,9
Almennur starfsmaður	9	**66,7**	**0,0**	**11,1**	0,0	**0,0**	**22,2**
Nemi	280	44,6	6,4	8,6	2,5	4,3	33,6
Lífeyrisþegi/Heimavinnandi	148	52,7	7,4	2,7	4,1	3,4	29,7
Listamaður/Tónlistarmaður/Leikari	30	**40,0**	6,7	**0,0**	0,0	**13,3**	**40,0**
Annað	76	47,4	10,5	6,6	6,6	1,3	27,6
Fjölskyldutekjur*							
Háar	812	53,8	7,4	5,4	2,3	2,0	29,1
Í meðallagi	669	45,6	8,2	6,6	3,0	2,8	33,8
Lágar	399	48,1	6,3	3,3	4,3	3,3	34,8
Markaðssvæði*							
Mið- og suður Evrópa	630	53,0	5,1	3,3	4,6	1,9	32,1
Norður Ameríka	570	40,7	11,4	8,1	0,9	3,2	**35,8**
Norðurlönd	371	**63,9**	**4,0**	3,2	1,9	1,9	25,1
Bretland	202	**39,6**	10,4	6,4	5,4	3,5	34,7
Asía	29	48,3	**17,2**	0,0	6,9	6,9	**20,7**
Annað	148	49,3	5,4	7,4	3,4	2,7	31,8
Samgöngur							
Flugfélag	1825	49,4	7,8	5,4	3,0	2,5	31,9
M/S Norræna	125	55,2	3,2	3,2	4,0	3,2	31,2

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kí-kvaðrat prófi ($p < 0,05$).

Sp. 114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Nefnt fyrst.

	Gild svör	Náttúra/ Landslag	Fólkið/ Gestrisni	Afþreying/ Margt að gera og sjá	Óspillt náttúra	Upplýsingar/ Skilti/ Upplýsinga-miðstöðvar	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
Allir	1942	49,9	7,5	5,3	3,0	2,6	31,6
Þjóðerni*							
Bandarískt	433	37,6	10,9	8,3	0,9	3,0	39,3
Breskt	172	36,0	12,2	7,0	5,2	4,1	35,5
Sænskt	142	64,8	2,1	0,7	3,5	1,4	27,5
Þýskt	157	57,3	5,7	3,2	6,4	1,9	25,5
Franskt	147	**34,0**	8,8	2,0	5,4	3,4	**46,3**
Kanadískt	133	41,4	**15,0**	**11,3**	1,5	3,8	27,1
Hollenskt	131	52,7	4,6	6,9	5,3	0,8	29,8
Danskt	98	65,3	3,1	4,1	1,0	4,1	22,4
Norskt	79	64,6	6,3	2,5	1,3	0,0	25,3
Ástralskt	67	49,3	7,5	4,5	1,5	3,0	34,3
Ítalskt	45	57,8	**0,0**	**0,0**	0,0	2,2	40,0
Spánskt	42	**73,8**	**0,0**	**0,0**	4,8	0,0	**21,4**
Svissneskt	37	67,6	**0,0**	5,4	5,4	0,0	21,6
Belgískt	30	53,3	**0,0**	**0,0**	3,3	0,0	43,3
Annað	237	60,3	5,9	4,6	2,5	3,0	23,6
Tegund ferðar+							
Pakkaferð	253	51,8	5,9	2,8	3,6	3,2	32,8
Ferð á eigin vegum	1601	49,6	7,8	5,7	3,0	2,4	31,5
Ferð á vegum vinnu	68	67,6	2,9	1,5	1,5	0,0	26,5
Tilgangur ferðar+							
Frí	1721	48,2	7,8	5,6	3,1	2,8	32,5
Ráðstefna/stærri fundir	90	56,7	6,7	1,1	3,3	0,0	32,2
Vinnutengt/minni fundir	64	59,4	3,1	3,1	3,1	3,1	28,1
Menntun og/eða starfsþjálfun	77	53,2	3,9	2,6	2,6	2,6	35,1
Heimsækja vini/ættingja	166	44,0	5,4	6,0	4,8	1,8	38,0
Vinnuhvataferðir	8	62,5	0,0	0,0	0,0	0,0	37,5
Tímabundin vinna á Íslandi	13	46,2	0,0	0,0	7,7	0,0	46,2
Heilsutengd meðferð	<5						
Viðburður á Íslandi (tengt tómstundum)	143	51,7	9,8	2,8	2,1	0,7	32,9

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kí-kvaðrat prófi ($p < 0,05$).

+Í þessari bakgrunnsbreytu gátu svarendur valið fleiri en eitt svar, því er marktekt ekki reiknuð milli hópa.

Sp.114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Allt nefnt.

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Náttúra/Landslag	1218	62,7	26,9
Fólkið/Gestrisni	514	26,5	11,4
Afþreying/Margt að gera og sjá	287	14,8	6,3
Söfn/Sýningar	173	8,9	3,8
Þjónusta/Gæði	150	7,7	3,3
Enskukunnátta/Önnur tungumál	149	7,7	3,3
Aðgengi/Einfaldleiki/Innviðir	137	7,1	3,0
Upplýsingar/Skilti/ Upplýsingamiðstöðvar	136	7,0	3,0
Matur/Veitingastaðir	115	5,9	2,5
Þjónusta í tengslum við skoðunarferðir/ Leiðsögumenn	108	5,6	2,4
Almenningssamgöngur	91	4,7	2,0
Einstakt/Framandlegt/Öðruvísi	84	4,3	1,9
Ekki of margir ferðamenn /Afskekkt/Ekki of túristalegt	82	4,2	1,8
Óspillt náttúra	77	4,0	1,7
Skipulag/Fagmennska	75	3,9	1,7
Hreint loft/Hreinleiki landsins	72	3,7	1,6
Sundlaugar/Náttúruböð/Heilsulindir	70	3,6	1,5
Nálægt/Lega landsins	63	3,2	1,4
Hverir/Jarðhiti	52	2,7	1,1
Gisting	45	2,3	1,0
Reykjavík	37	1,9	0,8
Öruggt	36	1,9	0,8
Afslappað/Kyrrð og ró/Andrúmsloftið	35	1,8	0,8
Dýralíf/Jurtaríki	35	1,8	0,8
Hestar/Hestaferðir	31	1,6	0,7
Markaðssetning/Kynningarmál	22	1,1	0,5
Verðlag	21	1,1	0,5
Flugfélag	19	1,0	0,4
Ganga/Göngustígar	19	1,0	0,4
Verslun/Vörur/Tíska	16	0,8	0,4
Landið sjálft	15	0,8	0,3
Veðurfar	15	0,8	0,3
Næturlíf	13	0,7	0,3
Bjartar nætur/Dagsbirta	12	0,6	0,3
Víðátta	7	0,4	0,2
Annað	493	25,4	10,9
Gild svör	4524	233,0	100,0
Gildir svarendur	1942	73,9	
Svöruðu ekki	687	26,1	
Heildarfjöldi	2629	100	

Sp.114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Allt nefnt.

		Náttúra/ Landslag	Fólkið/ Gestrisni	Afþreying/ Margt að gera og sjá	Söfn/ Sýningar	Þjónusta/ Gæði	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
Allir	1942						
Kyn							
Karl	934	67,6	26,3	12,2	9,3	8,5	74,6
Kona	987	58,3	26,6	17,1	8,5	7,0	77,0
Aldur							
24 ára og yngri	253	58,1	19,0	**23,3**	9,5	11,1	77,9
25-34 ára	611	61,5	27,3	15,2	9,0	9,2	76,8
35-44 ára	362	64,4	24,0	14,6	8,0	6,6	74,9
45-54 ára	298	66,1	33,2	12,8	8,1	5,7	75,8
55 ára og eldri	369	63,1	26,8	**10,3**	10,0	6,0	73,4
Hvert er starfsheiti þitt?							
Framkvæmdastjóri	241	65,6	30,7	10,0	5,4	10,4	81,7
Sérfræðingur (læknir/lögfr./bókari o.fl.)	458	65,7	28,4	13,5	8,1	7,0	74,5
Aðrir sérfræðingar	255	60,8	26,7	15,3	10,2	8,2	80,8
Kennari/Starfsm. í heilbr.þjón.	251	64,1	28,7	15,1	**9,6**	6,4	70,5
Starfsm. á skrifstofu/í þjónustu	102	**61,8**	26,5	15,7	8,8	4,9	**76,5**
Tækni-/iðnfræðingur	82	**68,3**	**15,9**	12,2	11,0	7,3	70,7
Almennur starfsmaður	9	88,9	**0,0**	**44,4**	**22,2**	11,1	**44,4**
Nemi	277	56,0	22,7	20,9	9,4	10,1	76,2
Lífeyrisþegi/Heimavinnandi	147	61,9	26,5	**12,2**	8,8	4,8	69,4
Listamaður/Tónlistarmaður/Leikari	30	46,7	23,3	10,0	20,0	13,3	86,7
Fjölskyldutekjur							
Háar	808	66,7	28,2	15,5	9,0	7,5	74,8
Í meðallagi	667	59,5	24,9	15,4	8,8	6,6	76,0
Lágar	398	60,6	25,4	12,1	8,8	9,8	76,9
Markaðssvæði							
Mið- og suður Evrópa	627	64,4	22,2	11,6	4,9	7,8	74,2
Norður Ameríka	569	55,9	33,4	20,4	8,8	8,1	80,7
Norðurlönd	368	72,8	20,9	10,3	14,9	5,4	65,5
Bretland	202	**55,9**	29,7	17,3	8,4	10,4	81,7
Asía	29	**72,4**	27,6	10,3	10,3	10,3	75,9
Samgöngur							
Flugfélag	1817	62,1	27,0	15,0	9,1	8,0	75,7
M/S Norræna	125	71,2	19,2	11,2	6,4	3,2	76,8

Ekki er reiknuð marktekt þegar svarendur geta valið fleiri en eitt svar.

Sp.114. Hvar telur þú að styrkleikar íslenskrar ferðaþjónustu liggi helst? - Allt nefnt.

		Náttúra/ Landslag	Fólkið/ Gestrisni	Afþreying/ Margt að gera og sjá	Söfn/ Sýningar	Þjónusta/ Gæði	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
Allir	1942						
Þjóðerni							
Bandarískt	432	52,8	32,6	19,9	9,0	9,3	83,1
Breskt	172	52,9	34,3	18,6	7,6	8,7	77,9
Sænskt	141	73,8	16,3	8,5	14,2	4,3	67,4
Þýskt	155	69,0	21,3	**12,9**	5,2	3,9	72,9
Franskt	147	48,3	25,9	8,8	2,0	12,2	80,3
Kanadískt	133	56,4	33,8	25,6	10,5	5,3	75,2
Hollenskt	131	64,9	**21,4**	14,5	1,5	7,6	71,0
Danskt	98	75,5	27,6	8,2	12,2	3,1	62,2
Norskt	79	72,2	21,5	8,9	20,3	7,6	67,1
Ástralskt	66	65,2	30,3	15,2	21,2	7,6	80,3
Ítalskt	43	62,8	18,6	2,3	4,7	7,0	67,4
Spánskt	42	73,8	11,9	9,5	4,8	0,0	81,0
Svissneskt	37	83,8	29,7	18,9	16,2	2,7	67,6
Belgískt	30	**70,0**	20,0	3,3	3,3	16,7	70,0
Annað	236	**73,3**	**22,5**	**14,0**	8,9	10,6	77,5
Tegund ferðar+							
Pakkaferð	253	64,4	22,5	11,1	9,1	5,9	70,4
Ferð á eigin vegum	1594	62,4	27,3	15,6	8,8	7,8	76,5
Ferð á vegum vinnu	68	85,3	23,5	5,9	16,2	7,4	67,6
Tilgangur ferðar+							
Frí	1713	61,5	**26,2**	15,5	8,7	8,0	76,0
Ráðstefna/stærri fundir	89	75,3	32,6	5,6	9,0	4,5	70,8
Vinnutengt/minni fundir	63	68,3	19,0	14,3	14,3	11,1	71,4
Menntun og/eða starfsþjálfun	77	61,0	26,0	18,2	10,4	9,1	75,3
Heimsækja vini/ættingja	166	58,4	23,5	13,3	13,3	7,8	76,5
Vinnuhvataferðir	8	62,5	25,0	0,0	0,0	12,5	87,5
Tímabundin vinna á Íslandi	13	61,5	15,4	0,0	15,4	7,7	84,6
Heilsutengd meðferð	<5						
Viðburður á Íslandi (tengt tómstundum)	143	**62,9**	**27,3**	7,0	9,1	4,9	83,2

Ekki er reiknuð marktekt þegar svarendur geta valið fleiri en eitt svar.

+Í þessari bakgrunnsbreytu gátu svarendur valið fleiri en eitt svar, því er marktekt ekki reiknuð milli hópa.

Airbnb: Reykjavík

Gögn frá apríl 2016

Fjöldi Gesta á íbúð: All

Íbúðartegund: All

airbnb

Verð á íbúð



Fj. íbúða	Fjöldi gesta	Leigjendur	Verð á gest	Meðalverð
2.551	9.923	1.749	3.316 kr	12.899 kr

Íbúðir eftir hverfum

Stærð bólu fer eftir fjölda gesta

Smellið á bólu til að skoða á AirBnB



Götur

Ath: Götuheiti er reiknað út frá lat/lon staðsetningu

Smellið á götu til að skoða íbúðir í götu

Leita að götu...: All

Stærð íbúða

Gestir





Smellið til að skoða hverfi

Miðborg
8.251 íbúar
112,6 á þús.íbúa
3.419 gestir

Vesturbær
16.541 íbúar
33,6 á þús.íbúa
2.168 gestir

Laugardalur
13.795 íbúar
25,4 á þús.íbúa
1.474 gestir

Hlíðar
11.409 íbúar
31,8 á þús.íbúa
1.359 gestir

Háaleiti
14.365 íbúar
8,4 á þús.íbúa
507 gestir

Grafarvogur
17.840 íbúar
3,8 á þús.íbúa
297 gestir

Breiðholt
12.736 íbúar
6,1 á þús.íbúa
278 gestir

Árbær
16.493 íbúar
2,4 á þús.íbúa
173 gestir

Grafarholt
5.409 íbúar
3,9 á þús.íbúa
121 gestir

Norðlingaholt
2.490 íbúar
7,6 á þús.íbúa
103 gestir

Úlfarsfell
662 íbúar
9,1 á þús.íbúa
13 gestir

Kjalarnes
861 íbúar
2,3 á þús.íbúa
11 gestir

expectus

Fimmtudaginn 8. júní 2017.

Nr. 624/2016.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson og
Sigrún Gróa Skæringsdóttir
(Valtýr Sigurðsson hrl.
Víðir Smári Petersen hdl.)
gegn
Húsfélaginu 101 Skuggahverfi-1
(Grímur Sigurðsson hrl.)

Fjöleignarhús. Eignarréttur. Sameign. Húsfélag. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Í málinu krafðist H þess að viðurkennt yrði að G og S væri óheimilt að reka gististaði í séreignum sínum að Vatnsstíg 15, 19 og 21 í Reykjavík samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald aðallega án samþykkis allra eða meirihluta félagsmanna í H, en til vara án samþykkis allra eða meirihluta félagsmanna í hverri húsfélagsdeild. Málsókn H var í aðalatriðum reist á því að útleiga íbúðanna væri atvinnustarfsemi sem fæli í sér breytta hagnýtingu eigna sem ætlaðar væru til íbúðar en ekki atvinnurekstrar. Fyrir lá að H var húsfélag fyrir húsasamstæðurnar að Lindargötu 31 og 33, Vatnsstíg 13, 15, 17, 19 og 21 og Skúlagötu 12 en um var að ræða sjö hús með 79 íbúðum og voru eigendur þeirra 112 talsins. Í dómi Hæstaréttar kom fram að það leiddi af þeirri skipan eignarréttar í fjöleignarhúsi og reglna um ákvarðanatöku sem kveðið væri á um í lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús að mál vegna brota á grenndarreglum í fjöleignarhúsi gæti í fyrsta lagi eigandi séreignar höfðað sem teldi hagsmunum sínum raskað eða eftir atvikum fleiri eigendur í sameiningu. Í öðru lagi gæti húsfélagsdeild sem gætti hagsmuna í sameign sumra tekið ákvörðun um málshöfðun og í þriðja lagi heildarhúsfélag enda væru þá skertir hagsmunir sem vörðuðu sameign allra. Vísað var til þess að Vatnsstígur 15, 19 og 21 væru sjálfstæðar húsfélagsdeildir og að ætluð brot G og S á grenndarreglum beindust að hagsmunum annarra eigenda séreignarréttar í þeim húsfélagsdeildum og þá samhliða að hagsmunum í sameign sumra. Þar sem um sameiginleg innri málefni viðkomandi húsfélagsdeilda væri að ræða, en ekki málefni sem beindust að hagsmunum í sameign allra, gæti ekki komið til álita að G og S þyrftu að leita samþykkis félagsmanna í H, sem stæðu utan umræddra húsfélagsdeilda, fyrir útleigu íbúða sinna. Voru G og S því sýknuð af aðalkröfum H. Hvað varðaði varakröfur H var vísað til þess að samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum laga nr. 26/1994 bæri að taka ákvörðun um málshöfðun á þeim grundvelli á fundum viðkomandi húsfélagsdeilda. Þar sem það hafði ekki verið gert, heldur á fundi í H og þar með á röngum vettvangi, var varakröfum H vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, Eiríkur Tómasson, Greta Baldursdóttir og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 9. september 2016. Þau krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann viðurkenningar á því að áfrýjendum sé óheimilt að reka gististaði í séreignum sínum að Vatnsstíg 15, 19 og 21 í Reykjavík samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna sinna á húsfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, að þessu frágengnu án samþykkis allra félagsmanna í hverri húsfélagsdeild, en að öðrum kosti án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í hverri húsfélagsdeild, bæði miðað við fjölda og eignarhluta. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

I

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi eru áfrýjendur eigendur þriggja íbúða að Vatnsstíg 15, 19 og 21 í Reykjavík en íbúðirnar leigja þau ferðamönnum og hafa gert allt frá árinu 2011. Stefndi er húsfélag samkvæmt 56. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús fyrir húsasamstæðurnar að Lindargötu 31 og 33, Vatnsstíg 13, 15, 17, 19 og 21 og Skúlagötu 12, sem skiptist í átta matshluta. Nánar tiltekið er um að ræða sjö hús með 79 íbúðum og eru eigendur þeirra 112 talsins. Í stefnu til héraðsdóms kemur fram að innan stefnda starfi húsfélagsdeildir og séu þeir hlutar fjöleignarhússins sem tilheyri hverri húsfélagsdeild nokkuð sjálfstæðir og tengist ekki öðrum hlutum hússins nema með sameiginlegum bílakjallara. Í málinu greinir aðila á um hvort áfrýjendum sé heimilt að stunda þá útleigu íbúða sinna sem að ofan greinir án samþykkis félagsmanna í stefnda eða félagsmanna í einstökum húsfélagsdeildum.

Stefnda voru settar samþykktir á húsfundi 23. mars 2006. Þar segir í 3. mgr. 1. greinar að innan húsfélagsins skuli stofna sérstakar húsfélagsdeildir fyrir hvern matshluta fyrir sig þar sem eigendur ráði einir sameiginlegum innri málefnum enda beri þeir einir kostnaðinn og eigendur annarra matshluta í húsinu hafi engra hagsmuna að gæta. Þó þurfi ekki að stofna sérstaka húsfélagsdeild fyrir matshluta 9 sem mun vera Skúlagata 12. Gildi fyrirmæli samþykktanna um húsfélög um slíkar húsfélagsdeildir eftir því sem við geti átt, svo sem um ákvarðanatöku, húsfundi, stjórn og fleira.

Í 6. grein samþykkta stefnda kemur fram að húsfundur fari með æðsta vald í málefnum hans. Ef eingöngu sé um að ræða mál er varði að öllu leyti sameign sumra, og aðrir eigendur hafi engra hagsmuna að gæta, geti viðkomandi húsfélagsdeild haldið húsfund um málið. Skuli húsfélagsdeildirnar fara eftir reglum samþykktanna um boðun og framkvæmd slíkra húsfunda og töku ákvarðana. Í 9. grein ræðir um verkefni

húsfélagsdeilda og kemur þar fram að hver og ein húsfélagsdeild skuli halda aðalfund ár hvert fyrir lok marsmánaðar þar sem taka skuli fyrir sömu dagskrárliði og teknir séu fyrir á aðalfundi stefnda eftir því sem við geti átt. Í 2. mgr. 11. greinar segir að sé um sameign sumra en ekki allra að ræða nægi að þeir einir sem hlut eigi að máli standi saman að ákvörðun á húsfundi viðkomandi húsfélagsdeildar, nema um atriði eða framkvæmd sé að ræða sem snerti líka hagsmuni hinna, svo sem útlitsatriði. Formaður viðkomandi húsfélagsdeildar skal samkvæmt 14. grein samþykktanna vera tengiliður við stjórn stefnda og upplýsa hana eftir þörfum um málefni húsfélagsdeildarinnar. Ef stjórn deildar telur að málefni sem þar séu til skoðunar varði aðra eigendur hússins skuli formaður deildar upplýsa stjórn stefnda um það eins fljótt og kostur er.

Samkvæmt 3. tölulið 5. greinar samþykktanna er eigendum skylt að taka eðlilegt og sanngjarnt tillit til annarra eigenda við hagnýtingu séreigna sinna. Húsið sé íbúðarhúsnæði og óheimilt að stunda í því atvinnustarfsemi sem hafi í för með sér lykt, hávaða, umtalsverða umferð viðskiptavina eða annað ónæði fyrir aðra íbúa hússins. Sambærilegt ákvæði er í húsreglum húsasamstæðunnar sem settar voru á húsfundi 16. mars 2006. Þar kemur fram í 1. grein að húsreglurnar hafi að geyma fyrirmæli um afnot og hagnýtingu sameignar og taki einnig eftir atvikum til séreigna. Samkvæmt 7. grein húsreglnanna er öll atvinnustarfsemi sem ónæði getur valdið óheimil íbúum hússins nema að fengnu samþykki húsfundar samkvæmt reglum fjöleignarhúsalaga.

Á fundi í stefnda sem haldinn var 13. ágúst 2015 var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Húsfundur húsfélagsins 101 Skuggahverfi ... samþykkir að húsfélagið höfði dómsmál til viðurkenningar á skyldu eigenda íbúða nr. 202 Vatnsstíg 15, nr. 101 að Vatnsstíg 21 og nr. 302 að Vatnsstíg 19 til að afla samþykkis annarra eigenda íbúða fjöleignarhússins Vatnsstígs 13, 15, 17, 19 og 21, Lindargötu 31 og 33 og Skúlagötu 12 til reksturs gististaða í íbúðunum samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007“. Í fundargerð sagði að greidd hefðu verið „47 atkvæði, 41 voru samþykk tillögunni en sex á móti henni. Meirihluti félagsmanna er því fylgjandi tillögunni og telst tillaga stjórnar um að hefja dómsmál vegna reksturs gististaða ... því samþykkt af fundinum.“ Íbúðir þær sem um ræddi í tillögunni eru í eigu áfrýjenda.

II

Málsókn stefnda á hendur áfrýjendum er í aðalatriðum reist á því að útleiga hinna síðarnefndu á íbúðunum að Vatnsstíg 15, 19 og 21 sé atvinnustarfsemi sem feli í

sér breytta hagnýtingu eigna sem ætlaðar séu til íbúðar en ekki atvinnurekstrar. Til breytinganna þurfi samþykki annarra félagsmanna í stefnda sem ekki liggi fyrir, auk þess sem í þeim felist brot á almennum reglum nábýlisréttar, reglum laga nr. 26/1994, samþykktum stefnda og húsreglum sem settar séu á grundvelli þeirra laga.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 26/1994 kemur fram að ákvæði þeirra eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli máls. Er eigendum því almennt óheimilt að skipa málum sínum, réttindum og skyldum á annan veg en mælt er fyrir um í lögunum. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna getur eign í fjöleignarhúsi verið með þrennu móti. Í fyrsta lagi séreign, sbr. 4. og 5. gr., í öðru lagi sameign allra eigenda, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 8. gr., og í þriðja lagi sameign sumra eigenda, sbr. 7. og 8. gr. Sameign er allra nema svo hátti að hún sé sumra, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna. Um sameign sumra er að ræða meðal annars þegar sumir séreignarhlutir eru um sama gang, stiga, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 7. gr. laganna. Í 2. mgr. kemur fram að húsrými og annað inni í einstökum stigahúsum sé í sameign eigenda þar og öðrum eigendum fjöleignarhúss óviðkomandi.

Í 1. mgr. 76. gr. laga nr. 26/1994 segir að þegar húsfélag skiptist í einingar, til dæmis stigahús, ráði viðkomandi eigendur einir sameiginlegum innri málefnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 39. gr., enda beri þeir þá einir kostnaðinn. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laganna eiga allir hlutaðeigandi eigendur óskoraðan rétt á að eiga og taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, bæði innan húss og utan, og sameiginleg m álefni sem snerta hana beint og óbeint. Í 3. mgr. 39. gr. segir að sé um að ræða sameign sumra en ekki allra, sbr. 7. gr., nægi að þeir sem hlut eigi að máli standi saman að ákvörðun nema um atriði eða framkvæmd sé að ræða sem snerti líka hagsmuni hinna þótt ekki liggi fyrir greiðsluskylda þeirra, svo sem útlitsatriði.

Það leiðir af þeirri skipan eignarréttar í fjöleignarhúsi sem að framan getur og reglum þeim um ákvarðanatöku sem raktar voru að mál vegna brota á grenndarreglum í fjöleignarhúsi getur í fyrsta lagi eigandi séreignar höfðað sem telur hagsmunum sínum raskað eða eftir atvikum fleiri eigendur í sameiningu. Í öðru lagi getur húsfélagsdeild sem gætir hagsmuna í sameign sumra tekið ákvörðun um málshöfðun eftir þeim reglum sem um það gilda. Er þá lagt til grundvallar að brot á grenndarreglum í tiltekinni einingu fjöleignarhúss sé í skilningi 1. mgr. 76. gr. laga nr. 26/1994 sameiginlegt innra málefni þeirrar húsfélagsdeildar, nema jafnframt séu skertir hagsmunir annarra sameigenda. Í þriðja lagi getur heildarhúsfélag tekið

ákvörðun um slíka málshöfðun enda séu þá skertir hagsmunir sem varða sameign allra.

Áfrýjendur eru sem fyrr segir eigendur þriggja íbúða að Vatnsstíg 15, 19 og 21 þar sem eru sjálfstæðar húsfélagsdeildir. Leggja verður til grundvallar að ætluð brot áfrýjenda á grenndarreglum sem um er deilt í málinu beinist að hagsmunum annarra eigenda séreignarréttar í þeim húsfélagsdeildum og þá samhliða að hagsmunum í sameign sumra. Þar sem um sameiginleg innri málefni viðkomandi húsfélagsdeilda var að ræða, en ekki málefni sem beindust að hagsmunum í sameign allra, gat ekki komið til álita að áfrýjendur þyrftu að leita samþykkis félagsmanna í stefnda, sem stóðu utan umræddra húsfélagsdeilda, fyrir útleigu íbúða sinna. Verða áfrýjendur þegar af þeirri ástæðu sýknaðir af aðalkröfu og varakröfu stefnda. Í öðrum kröfum hans er við það miðað að útleiga íbúða áfrýjenda sé háð samþykki allra eða meirihluta félagsmanna í hverri húsfélagsdeild. Samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum laga nr. 26/1994 bar að taka ákvörðun um málshöfðun á þeim grundvelli á fundum viðkomandi húsfélagsdeilda. Þar sem það var ekki gert, heldur á fundi í stefnda og þar með á röngum vettvangi, ber að vísa málinu frá héraðsdómi að því er varðar þessar kröfur.

Af framangreindu leiðir að dæma verður stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti sem ákveðinn verður í einu lagi á báðum dómstigum eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Guðlaugur Rúnar Guðmundsson og Sigrún Gróa Skæringsdóttir, eru sýkn af aðalkröfu og varakröfu stefnda, Húsfélagsins 101 Skuggahverfi-1. Að öðru leyti er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi greiði áfrýjendum samtals 2.500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 2016.

Mál þetta var höfðað 2. september 2015 og dómtekið 8. mars 2016.

Stefnandi er Húsfélagið 101 Skuggahverfi I, Vatnsstíg 15, Reykjavík.

Stefndu eru Sigrún Gróa Skæringsdóttir, Vejlebrovej 115, Ishøj, Danmörku, og Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, Vatnsstíg 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Þess er *aðallega* krafist að viðurkennt verði með dómi að:

1. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur, skráðum eiganda séreignarinnar 202 að Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda.
2. Stefnda Guðlaugi Rúnar Guðmundssyni, skráðum eiganda íbúðar 101 að Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda.
3. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eigendum íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í stefnanda.

Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að:

1. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur, skráðum eiganda íbúðar 202 að Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í stefnanda á húsfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.
2. Stefnda Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eiganda íbúðar 101 að Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í stefnanda á húsfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.
3. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eigendum íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í stefnanda á húsfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.

Til þrautavara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að:

1. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur, skráðum eiganda séreignarinnar 202 að Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 15.
2. Stefnda Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eiganda íbúðar 101 að Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 21.
3. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eigendum íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis allra félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 19.

Til annars þrautavara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að:

1. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur, skráðum eiganda íbúðar 202 að Vatnsstíg 15, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 15 á húsfélagsdeildarfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.
2. Stefnda Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eigandi íbúðar 101 að Vatnsstíg 21, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 21 á húsfélagsdeildarfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.
3. Stefndu Sigrúnu Gróu Skæringsdóttur og Guðlaugi Rúnari Guðmundssyni, skráðum eigendum íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík, sé óheimilt að reka gististað í séreigninni samkvæmt flokki II í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald án samþykkis einfalds meirihluta félagsmanna í húsfélagsdeildinni að Vatnsstíg 19 á húsfélagsdeildarfundi, bæði miðað við fjölda og eignarhluta.

Í öllum tilvikum er þess krafist að stefndu verði sameiginlega gert að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Í gögnum málsins kemur fram að eftir að málið var höfðað fékk félag stefndu útgefið leyfi til reksturs gististaðar í flokki I samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007 vegna íbúðar 302 að Vatnsstíg 19, en ekki leyfi samkvæmt flokki II samkvæmt sömu lagagrein, eins og greinir í stefnu.

Málavextir

Stefnandi er húsfélag fjöleignarhússins að Lindargötu 31 og 33, Vatnsstíg 13, 15, 17, 19 og 21 og Skúlagötu 12 í Reykjavík, en innan félagsins eru húsfélagsdeildir fyrir hvern matshluta húsasamstæðunnar. Stefndu, sem eru hjón, eru eigendur þriggja íbúða að Vatnsstíg 15, 19 og 21. Vorið 2011 hófu þau að leigja út til ferðamanna íbúð sína nr. 101 að Vatnsstíg 21. Þá hófu þau vorið 2012 útleigu íbúðar nr. 202 við Vatnsstíg 15 og íbúðar nr. 302 að Vatnsstíg 19 vorið 2015. Félag þeirra, Towers 101 ehf., fékk 30. ágúst 2013 leyfi til reksturs gististaða samkvæmt flokki II 3. mgr. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 vegna íbúðanna að Vatnsstíg 15 og 21. Þá var félaginu 21. september 2015 veitt leyfi til reksturs gististaðar samkvæmt I. flokki sömu lagagreinar vegna íbúðarinnar að Vatnsstíg 19. Unnt er að bóka gistingu í íbúðunum á heimasíðu félagsins, en íbúðirnar eru leigðar út að lágmarki til þriggja sólarhringa í senn.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort í starfsemi stefndu felist breyting á hagnýtingu séreignar, sem afla þurfi samþykkis annarra eigenda fjöleignarhússins fyrir, sbr. 27. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Stefndi Guðlaugur beindi í október 2012 erindi til kærunefndar húsamála vegna útleigu íbúðarinnar að Vatnsstíg 21. Í áliti nefndarinnar 19. desember 2012 er því lýst að „tilvik þetta falli undir 2. mgr. 27. gr. laga nr. 26/1994 og útheimti þannig ekki samþykki meðeigenda“. Var það niðurstaða nefndarinnar að álitsbeiðanda væri heimilt að leigja út íbúð sína án samþykkis annarra

eigenda hússins. Á félagsfundi stefnanda 13. ágúst 2015 var samþykkt tillaga stjórnar um að höfða dómsmál til að leita viðurkenningar á skyldu stefndu til að afla samþykkis annarra eigenda hússins við breytingu á hagnýtingu séreigna þeirra.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur Geir Arnar Gunnlaugsson, formaður stefnanda og stefndi Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. Þá gáfu skýrslur fyrir dóminum Borghildur Anna Jónsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Alfreð Hauksson og Sveinn Þ. Jónsson, sem öll eru eigendur og afnotahafar íbúða að Vatnsstíg 15, 19 og 21.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur óumdeilt að rekin sé atvinnustarfsemi í séreignarhlutunum þremur sem eru í eigu stefndu í húsfélaginu 101 Skuggahverfi I. Um sé að ræða skipulega útleigu á íbúðum til ferðamanna til skamms tíma, að lágmarki þrjár nætur, með þrifum, handklæðum og líni. Starfsemin fari fram allan ársins hring, sé sjálfstæð, reglubundin og í nokkru umfangi og rekin í þeim tilgangi að skila hagnaði. Rekstrarleyfi sem gefin hafi verið út vegna íbúðanna staðfesti að um gistiþjónustu sé að ræða samkvæmt lögum nr. 85/2007. Af þeirri starfsemi sem rekin er í séreignunum sé greiddur virðisaukaskattur og gistináttagjald, auk þess sem fasteignagjöld eignanna reiknist á grundvelli þess að um atvinnuhúsnæði sé að ræða. Ótvírætt verði því að telja að í íbúðunum fari nú fram atvinnustarfsemi.

Séreignarhlutarnir í fasteignum húsfélagsins 101 Skuggahverfi I séu ætlaðir til íbúðar en ekki til atvinnurekstrar. Með því að hefja atvinnurekstur í umræddum þremur séreignarhlutum hafi stefndu breytt hagnýtingu séreignarhlutanna frá því sem var, samþykkt er og gert var ráð fyrir í upphafi. Stefnandi telur að á grundvelli 27. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, sbr. 5. tölul. A-liðar og 3. tölul. C-liðar 41. gr. laganna, sem og á grundvelli samþykkta stefnanda og húsreglna, beri stefndu að afla samþykkis húsfélagsins fyrir hinni breyttu hagnýtingu séreignarhlutanna. Sömu niðurstöðu leiði af meginreglum nábýlisréttar enda hafi hin breytta hagnýting eignanna margs konar og veruleg áhrif á aðra íbúa fasteignanna.

Lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús

Stefnandi telur að ákvæði 27. gr. laga nr. 26/1994 og skýringar á ákvæðinu í athugasemdum í greinargerð með lögunum taki af öll tvímæli um að eiganda séreignarhluta sem hyggst breyta hagnýtingu úr íbúð í atvinnustarfsemi beri undantekningalaust að afla samþykkis annarra eigenda fyrir slíkri breytingu. Stefndu hafi, eins og að framan er rakið, breytt hagnýtingu séreigna sinna úr íbúðum í atvinnustarfsemi sem fellur undir 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/2007. Því sé hafið yfir allan vafa að þeim beri að afla samþykkis annarra félagsmanna húsfélagsins fyrir þeirri breyttu hagnýtingu séreignanna á grundvelli 27. gr. laga nr. 26/1994. Skylda stefndu til að afla samþykkis annarra félagsmanna húsfélagsins við breyttri hagnýtingu séreigna þeirra sé enn augljósari þegar litið er til annarra ákvæða laga um fjöleignarhús, sbr. einkum 1. og 2. mgr. 39. gr. og A- og C-liði 1. mgr. 41. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindum ákvæðum laga nr. 26/1994 sé ótvírætt að breytt hagnýting séreignar geti ekki átt sér stað í fjöleignarhúsi án þess að slík ákvörðun sé borin upp til samþykktar á húsfundi. Ákvæði laganna séu fortakslaus og engar undanþágur að finna frá skyldu til að afla samþykkis annarra félagsmanna á húsfundi fyrir slíkri breytingu.

Samþykktir stefnanda og húsreglur

Stefnandi vísar til þess að hann hafi sett sér samþykktir á grundvelli 1. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1994 og séu þær bindandi fyrir alla félagsmenn hans. Í samþykktunum komi m.a. fram reglur um hagnýtingu séreignar og séu félagsmenn bundnir af þeim takmörkunum á hagnýtingu séreigna sem fram koma í samþykktunum, sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 26/1994. Í 3. tölul. 5. gr. samþykkta stefnanda segi að húsið sé íbúðarhúsnæði og óheimilt sé að stunda í því atvinnustarfsemi sem hafi í för með sér lykt, hávaða, umtalsverða umferð viðskiptavina eða annað ónæði fyrir aðra íbúa hússins. Stefnandi hafi jafnframt sett sér húsreglur þar sem ákvæði samþykktanna séu nánar útfærð og séu þær bindandi fyrir alla félagsmenn stefnanda, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1994. Í 7. gr. húsreglnanna segi að öll atvinnustarfsemi sem ónæði geti valdið sé óheimil í íbúðum hússins nema að fengnu samþykki húsfundar samkvæmt reglum fjöleignarhúsalaga.

Stefnandi telur að þeirri atvinnustarfsemi sem rekin er í séreignarhlutum stefndu fylgi verulegt ónæði og óhagræði fyrir aðra íbúa hússins. Því sé ótvírætt að í framangreindum reglum samþykkta stefnanda og húsreglum felist sjálfstæð skylda stefndu til að afla samþykkis húsfundar fyrir þeirri breytingu á hagnýtingu séreignarhlutanna sem að framan er lýst, enda séu stefndu bundin af ákvæðum samþykktanna og húsreglnanna.

Þá styðji framangreindar reglur samþykkta og húsreglna stefnanda einnig þá málsástæðu hans að stefndu beri á grundvelli 27., 39. og 41. gr. laga nr. 26/1994 að afla samþykkis félagsmanna stefnanda fyrir breytingu á hagnýtingu séreignarhlutanna, enda byggi framangreind ákvæði samþykkta og húsreglna m.a. á ákvæðum 27. gr. laganna. Stefndu hafi mátt þekkja til samþykktanna og húsreglnanna þegar þau festu kaup á séreignarhlutum í fjöleignarhúsinu og þannig gera sér grein fyrir því að félagsmenn stefnanda leggi verulega áherslu á að reglu 27. gr. laga nr. 26/1994 sé fylgt. Komi þessi ríka áhersla m.a. fram í því að bann við breytingu á hagnýtingu séreignar sé bæði tekið fram í samþykktum stefnanda og húsreglum. Stefndu hafi því mátt vita að þeim væri óheimilt að breyta hagnýtingu séreignarhlutanna úr íbúðum í gististaði nema fyrir lægi samþykki annarra eigenda hússins.

Meginreglur nábýlisréttar

Stefnandi byggir á því að í ákvæðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 felist lögfesting á þeim meginreglum nábýlisréttar sem gilda um eigendur séreignarhluta í fjöleignarhúsum. Þær meginreglur kveði á um takmarkanir sem eigendur séreignarhluta verða að sæta á ráðstöfunarrétti vegna þess tillits sem sýna verður öðrum eigendum séreignarhluta. Stefndu séu bundin af reglum nábýlisréttar eins og m.a. komi fram í 1. mgr. 26. gr. laga um fjöleignarhús og 2. tölul. 4. gr. samþykkta stefnanda.

Það sé ótvíræð meginregla nábýlisréttar að fari óþægindi af athöfnum fasteignareiganda út fyrir þolmörk sem nágrannar verða að sætta sig við teljist þær ólögmætar. Stefnandi telur að þau óþægindi, óhagræði og ónæði sem félagsmenn hans verði fyrir vegna þeirrar atvinnustarfsemi sem stefndu reka í séreignarhlutum sínum séu umfram þau mörk sem félagsmönnum verður gert að þola. Þar af leiðandi sé starfsemin einnig ólögmæt á grundvelli reglna nábýlisréttar og leiði það sjálfstætt til þess að fallast beri á kröfur stefnanda. Í þeirri tilhögun á útleigu íbúðanna sem stefndu standi fyrir felist að í þeim sé rekin atvinnustarfsemi og þar með hafi hagnýtingu séreignarhlutanna verið breytt án þess að fyrir liggi tilskilið samþykki annarra eigenda.

Stefnandi bendir í fyrsta lagi á að í þeirri breytingu á hagnýtingu séreignanna að reka þar gististað í stað íbúðar felist eðlisbreyting á búsetu og sambýli í séreignunum. Í stað varanlegrar búsetu

eiganda eða afnotahafa séu íbúðirnar nú nýttar líkt og hótelherbergi. Gestir í íbúðunum staldri stutt við, sjaldnar meira en þrjá daga, og þar af leiðandi sé með öllu horfin sú ábyrgðartilfinning og gagnkvæm tillitssemi sem almennt fylgir varanlegu nábýli. Viðkomandi gestir muni að öllum líkindum aldrei sjá eða hitta aðra íbúa hússins aftur og séu því lítt bundnir af félagslegum skyldum um tillitssemi og virðingu við nágranna sína. Þessu fylgi óöryggi annarra íbúa hússins sem þurfi að sætta sig við að búa með allt að eitt hundrað mismunandi nágrönnum á ári hverju. Þar með sé horfin með öllu sú festa sem fylgir nábýli í fjöleignarhúsum. Þessi eðlisbreyting á sambýli verði ekki gerð með öðrum hætti en með samþykki annarra íbúa hússins.

Í öðru lagi fylgi gististöðunum verulegt ónæði fyrir aðra íbúa hússins. Samkvæmt húsreglum stefnanda megi ekkert aðhafast milli klukkan 22:00 og 7:00 sem raskað geti heimilisfriði og svefnró annarra íbúa hússins. Eins og að framan greinir séu íbúðirnar almennt leigðar út til þriggja daga í senn og því flytjist gestir í og úr íbúðunum að meðaltali rúmlega tvisvar í viku. Eðli málsins samkvæmt fylgi því mikill umgangur og hávaði. Mjög oft sé sá umgangur um miðja nótt þegar gestir íbúðanna halda í flug um morguninn. Þá komi nýir gestir iðulega í íbúðirnar seint á kvöldin. Ónæðið lýsi sér einnig í háreisti og gleðskap, sem er oftar en ekki fylgifiskur ferðalanga, á þeim tímum sem húsreglur kveða á um að kyrrð skuli vera í húsunum. Dæmi séu um að gestir í íbúðunum hafi sett brunaviðvörunarkerfi húsanna í gang með fikti eða broti á brunaboðum með tilheyrandi röskun fyrir aðra íbúa. Gestir banki upp á hjá íbúum á sama stigapalli til að leita ýmissa upplýsinga og dæmi séu um að þeir séu ekki að fullu áttaðir og reyni að komast inn í ranga íbúð. Fyrir komi að gestir hringi að nóttu til dyrabjöllum í anddyri hjá öðrum íbúum til að komast inn í húsið. Þá fylgi gestum íbúðanna aukin bílaumferð, m.a. stærri fólksflutningabifreiða, truflun af ræstingarfólki sem komi til að þrífa íbúðirnar og flutningi á þvotti og líni til og frá íbúðunum. Þetta séu dæmi um röskun sem gisting ferðamanna valdi en ekki tæmandi talning. Eðli umferðar, umgangs og ónæðis af völdum hótelgesta sé því með allt öðru sniði og meira en stafi frá öðrum íbúum húsanna.

Þá bendir stefnandi á að á hótelum og gistihúsum sé næturvarsla og móttaka allan sólarhringinn sem tryggi að gestir hótelsins verði ekki fyrir ónæði af völdum annarra hótelgesta. Eðli málsins samkvæmt sé engin slík næturvarsla eða móttaka til staðar í fasteignum sem tilheyra stefnanda. Eftir því sem næst verði komist fái gestir íbúðanna senda lykla í pósti og að jafnaði taki enginn á móti þeim, kynni þeim hvar viðkomandi íbúð er eða þær reglur sem gilda um umgengni í húsunum. Af þessu verði ráðið hversu óhentugt sé að blanda saman gistiþjónustu, sem alla jafna krefjist mun meira eftirlits og þjónustu við gesti en veitt er í atvinnurekstri stefndu, við almenna búsetu.

Í þriðja lagi bendir stefnandi á að í þeirri eðlisbreytingu á búsetu sem lýst hefur verið felist einnig verulegt óhagræði við að framfylgja hvers konar umgengnisreglum sem gilda í húsinu. Þótt gera megi ráð fyrir því að gestum íbúðanna séu kynntar helstu umgengni- og húsreglur verði slíkum reglum aldrei fylgt af hótelgestum með sama hætti og raunverulegum íbúum. Það eigi við um reglur um umgang um sameign, háreisti og annað sem húsreglur stefnanda taka til, sem og flokkun sorps sem nú eru gerðar stöðugt auknar kröfur til.

Í fjórða lagi hafi hin breytta hagnýting séreignanna leitt af sér verulega skerðingu á öryggi annarra íbúa í húsinu. Stefnandi hafi lagt mikla vinnu og kostnað í að koma upp öflugu öryggiskerfi í húsunum, sem m.a. feli í sér að sérstakir tölvuspjaldlyklar gangi að öllum hurðum að sameign þeirra.

Hver íbúð fái úthlutað nokkrum slíkum lyklum sem veiti aðgang fyrir íbúa og nánustu aðstandendur. Ef skipt er um eigendur eða langtíma leigjendur sé öllum spjöldunum, sem fyrri íbúi hefur haft, lokað og ný stofnuð fyrir nýja aðila. Vegna reksturs gististaðanna hafi stefndu farið fram á afhendingu mun fleiri slíkra lykla og hafi verið gefnir út allt að þrjátíu lyklar fyrir hverja íbúð stefndu. Það segi sig sjálft að með slíkan fjölda lykla í umferð, sem allir ganga að öllum hurðum sameignarinnar, séu mun meiri líkur á því að lyklar týnist eða komist í hendur óviðkomandi aðila.

Í fimmta lagi telur stefnandi að horfa verði til þess að með breytingu á hagnýtingu séreignanna hafi orðið forsendubreyting fyrir því íbúamynstri sem kynnt var í upphafi og flestir eigendur gengu að við kaup á íbúðum sínum. Íbúðir í húsunum hafi verið kynntar sem sameining á kostum þess að búa í sérbýli og sambýli. Á hverjum stigapalli húsanna séu almennt ekki fleiri en tvær íbúðir og í nokkrum tilvikum aðeins ein. Þannig hafi verið leitast við að gera hverja íbúð sem næst því að búa í sérbýli, með tilheyrandi viðbótarkostnaði sem hafi lagst við íbúðarverð. Með rekstri gististaða í húsunum verði eðlisbreyting á þessu fyrirkomulagi sem íbúar húsanna hafi talið sig ganga að og greitt fyrir. Þessu til viðbótar búi að jafnaði einn til tveir einstaklingar í hverri íbúð, auk þess sem íbúðirnar séu í mörgum tilvikum ekki nýttar nema hluta ársins vegna þess að íbúarnir dvelja langdvölum erlendis eða eru búsettir erlendis og nýti íbúðirnar aðeins þegar þeir komi til Íslands. Í gististöðum stefnda séu gestir yfirleitt mun fleiri í hverri íbúð. Eðlismunur sé því á núverandi búsetumynstri og þeim atvinnurekstri sem fram fari í séreignum stefndu.

Jafnræðisregla

Stefnandi telur að sjónarmið um jafnræði eigenda í húsinu eigi að leiða til þess að krefjast verði samþykkis á grundvelli 27. og 41. gr. laga um fjöleignarhús fyrir þeirri breytingu á hagnýtingu séreigna sem stefndu hafi gert. Það leiði af eðli máls að því fleiri íbúðir sem teknar séu undir atvinnurekstur líkan þeim sem stefndu standi fyrir, þeim mun verulegri teljist breytingin á hagnýtingu eignanna fyrir aðra eigendur hússins. Þessu sjónarmiði hafi m.a. kærunefnd fjöleignarhúsalaga sýnt skilning í áliti sínu nr. 38/2009 þar sem talið var að breyting fjögurra íbúða í hótelíbúðir, í átta íbúða húsi, þyrfti samþykki annarra eigenda á grundvelli 27. gr. fjöleignarhúsalaga. Verði talið að stefndu sé óskylt að afla samþykkis annarra eigenda húsanna fyrir atvinnurekstri í séreignarhlutunum sé ljóst að stefnandi hafi engin úrræði til að koma í veg fyrir að sams konar breyting eigi sér stað í öðrum íbúðum hússins. Þróun íbúamynsturs í húsinu gæti því orðið sú að meirihluti íbúðanna verði teknar undir hótelrekstur án þess að aðrir íbúar fái rönd við reist. Slík þróun á hagnýtingu séreigna sé í fullkominni andstöðu við 27. gr. fjöleignarhúsalaga og skýringar við ákvæðið í greinargerð. Eina rökrétta niðurstaðan er því sú að allir eigendur séreignarhluta sem hyggjast breyta hagnýtingu eignanna verði að afla til þess samþykkis. Á grundvelli almennra sjónarmiða um jafnræði félagsmanna í stefnanda verði því að fallast á dómkröfur stefnanda.

Um 2. mgr. 27. gr. laga um fjöleignarhús

Stefnandi gerir athugasemd við skýringu 2. mgr. 27. gr. laga um fjöleignarhús í áliti kærunefndar húsamála. Um sé að ræða undantekningarákvæði og skilyrði fyrir beitingu þess séu þröng. Verði að líta svo á að sönnunarbyrði um að eigandi hafi enga lögmæta hagsmuni af breytingu á hagnýtingu séreignarhluta hvíli á þeim sem eftir breytingu sækist. Mat á því hvort breyting hafi í för með sér röskun á lögmætum hagsmunum samkvæmt ákvæðinu fari fram við atkvæðagreiðslu á

grundvelli 1. mgr. sömu lagagreinar. Ef breyting á hagnýtingu er felld við atkvæðagreiðslu komi til skoðunar hvort því réðu atkvæði eigenda sem ekki verða fyrir neinni röskun á lögmætum hagsmunum. Ef svo er getur sá eigandi sem óskar eftir breytingunni krafist þess að atkvæði viðkomandi eigenda verði ekki talin með við atkvæðagreiðsluna. Stefnandi telur útilokað að skýra ákvæðið þannig að það feli í sér almenna undanþágu frá því að samþykkis annarra eigenda sé aflað á grundvelli 1. eða 3. mgr. 27. gr. laganna líkt og kemur fram í forsendum kærunefndar.

Kröfugerð

Stefnandi kveður aðalkröfu sína í málinu byggða á því að breyting á hagnýtingu séreigna stefndu falli undir 1. mgr. 27. gr. laga um fjöleignarhús og þurfi samþykki allra félagsmanna stefnanda til slíkrar breytingar, sbr. 5. tölul. A liðar 1. mgr. 41. gr. laganna, án tillits til þess í hvaða húsfélagsdeildum íbúðir stefndu eru. Stefnandi telur það rétta skýringu á ákvæðum laga um fjöleignarhús, enda sé um breytingu að ræða sem feli í sér verulegt ónæði, röskun og óþægindi fyrir alla íbúa og afnotahafa fjöleignarhússins.

Varakrafa sé byggð á því að breytingin á hagnýtingu séreignarhlutanna verði ekki talin fela í sér verulega röskun á hagsmunum annarra eigenda eða afnotahafa og falli því undir 3. mgr. 27. gr. laga um fjöleignarhús, sbr. 3. tölul. C liðar 1. mgr. 41. gr. laganna. Þannig þurfi einungis samþykki meiri hluta félagsmanna í stefnanda, miðað við fjölda og eignarhluta, fyrir breytingunni.

Stefnandi bendir á að innan vébanda húsfélagsins séu reknar húsfélagsdeildir. Þeir hlutar fjöleignarhússins sem tilheyra hverri húsfélagsdeild séu nokkuð sjálfstæðir og tengist ekki öðrum hlutum hússins nema með sameiginlegum bílakjallara. Verði talið að breyting á hagnýtingu sé málefni hverrar húsfélagsdeildar komi fyrsta og önnur þrautavarakrafa stefnanda til skoðunar. Þær byggi á sömu sjónarmiðum og aðal- og varakrafa að breyttum breytanda.

Aðild

Frístundabyggð (F)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	
Flokkur I: Heimagisting. Gisting á heimili gistisala.						
Flokkur II: Gististaður án veitinga.						
Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.						
Flokkur IV: Gististaður með minibar.						
Flokkur V: Gististaður með bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt.						



Hluti myndar 1 á bls. 205. Aðalgötur og kjarnar innan íbúðarbyggðar (sjá adalskipulag.is)

2.4. Heimildir við aðalgötur og í skilgreindum kjörnum innan íbúðarbyggðar

„Meðfram *aðalgötum* (sjá mynd 1) er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunn skilgreining lóða við götuna sé íbúðarsvæði. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VÞ, að skemmtistöðum undanskyldum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gististaðir í flokki II-III. Opnunartími allra veitingastaða skal takmarkast við kl. 23. Breytt notkun í þessa veru í fjöleignarhúsi er háð samþykki meðeigenda, sbr. ákvæði laga um fjöleignarhús. Rýmri heimildir um landnotkun gilda eingöngu um hús sem standa við viðkomandi aðalgötu og ná einkum til jarðhæða þegar um verslun, þjónustu og veitingastaði er að ræða. Ef þörf krefur eru sett nánari ákvæði um landnotkunarheimildir við aðalgötur í hverfis- og eða deiliskipulagi.“ (bls. 204)



Mynd 25 á bls. 200. Landnotkunarsvæði í miðborginni, M1a-M1c (sjá adalskipulag.is)

2.5. Sérákvæði á svæði M1C. Blönduð miðborgarbyggð. Íbúðarbyggð

„Á svæðinu er lögð áhersla á að vernda og styrkja íbúðarbyggð og hverfisanda en um leið að efla verslunar- atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Hlutfall íbúðarhúsnæðis skal vera að lágmarki 40% landnotkunar á svæðinu. Íbúðir skulu almennt vera til heilsársbúsetu. Heimildir um íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er ætlað til útleigu til ferðamanna, skal skilgreina í deiliskipulagi. Ef íbúðir eru í sama húsnæði og atvinnustarfsemi skal íbúðarhúsnæðið ávallt vera á efri hæðum. Á svæðinu gilda takmarkaðar veitingaheimildir miðasvæða, en á götureitum þar sem íbúðarbyggð er yfir 90% landnotkunar (miðað við brúttógólfflöt samkvæmt fasteignaskrá) takmarkast heimildir við flokk I og II Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, sjá nánar ákvæði um götuhliðar. Sjá nánar kaflann Sérstök ákvæði um starfsemi. Frekari markmið um þróun svæðisins eru sett fram í kaflanum Miðborgin í Borg fyrir fólk“ (bls. 208)

3. Breytingar á lögum um veitinga- og gististaði

Eins og kemur fram í inngangi eru megin áhrif lagabreytinga á gistiþjónustu í flokki I, heimagistingu. Með breytingunni, sem tekur gildi 1. janúar 2017, er flokkur I úr sögunni sem slíkur og heimagisting takmarkast við 90 daga. Heilsárs heimagisting verður þar með ekki möguleg, nema þá í flokki II og takmarkast þá við aðalgötur og kjarna innan íbúðarbyggðar. Með breyttum lagaákvæðum í þessa veru, ætti ekki að vera þörf á að setja frekari ákvæði um gistiþjónustu í almennri íbúðarbyggð. Lagabreytingin mun hinsvegar líklega leiða til þess að þrýstingur mun aukast á rekstur gististaða í flokki II og III við skilgreindar aðalgötur og kjarna innan íbúðarhverfanna.

Hér að neðan er yfirlit yfir helstu atriði sem taka breytingum í lögunum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og geta haft áhrif á stefnu aðalskipulagsins um veitinga- og gististaði (sjá lagabreytingu í heild í Viðauka 1):

1. Heimagisting í flokki I verður bundin við hámark 90 daga, til samans á heimili viðkomandi og/eða í annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota. Heilsárs heimagistingu er þar með útrýmt innan íbúðarbyggðar, miðað við gildandi ákvæði aðalskipulags, nema hún sé skilgreind sem flokkur II við aðalgötur eða í kjörnum.
2. Gististaðir í flokkum IV og V eru sameinaðir. Áhrif þessa verða takmörkuð, þar sem heimildir um viðkomandi flokka fylgjast ávallt að í skilgreiningum landnotkunar í gildandi aðalskipulagi.
3. Rekstrarleyfi útgefin af sýslumanni verða eftir lagabreytingu ótímabundin.
4. Veitingastaðir í flokki II, sem heimila vínveitingar, verða ekki lengur háðir lagaákvæðum um opnunartíma.

4. Tilgangur breytinga á aðalskipulaginu

Megin markmið og tilgangur breytingartillagna eru eftirfarandi:

- Að stefnuákvæði aðalskipulagsins og skýringar endurspegli breytt lög um veitinga og gististaði
- Að breyta og bæta einstök stefnuákvæði og framsetningu stefnunnar um gisti- og veitingastaði í ljósi reynslunnar að framfylgja viðkomandi ákvæðum
- Að huga að afmörkuðum breytingum á stefnu um gististaði og veitingastaði, vegna mögulegra áhrifa breyttra lagaákvæða

5. Skipulagsákvæði til endurskoðunar

Breytingar munu væntanlega taka til eftirfarandi atriða í stefnu AR2010-2030:

1. Stefnuákvæði og skýringar varðandi heimildir um veitingastaði og gististaði eftir landnotkunarsvæðum, sbr. töflur 2 og 3 og texta á bls. 220-222 (sjá kafla 2.2 og 2.3 að framan).
2. Skilgreiningar aðalgatna og kjarna, sbr. texti á bls. 204 og mynd 1, bls. 205 (sjá kafla 2.4 að framan).
3. Innbyrðis afmörkun landnotkunarsvæða í miðborginni (M1a-M1c) og landnotkunarskilgreining svæðis M1c (sjá kafla 2.5 að framan)
4. Skilgreining einstakra landnotkunarsvæða varðandi heimildir um gististaði og veitingastaði.

Við vinnslu breytingartillagna o gí samráðsferli gætu komið fram fleiri atriði, varðandi stefnu um veitinga- og gististaði, sem einnig þyrfti að huga að í endanlegri tillögu.

6. Umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar verður gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna.

Væntanlegar breytingartillögur er einkum tilkomnar vegna breytinga á lagaumhverfi veitinga- og gististaða og vegna almennra endurbóta á stefnu um veitinga- og gististaði sem. Í mati á áhrifum tillagna verður sérstaklega horft á breytingar sem varða staðbundin stefnuákvæði, s.s. breytingar á heimildum innan einstakra landnotkunarsvæða sbr. töflur 2 og 3 og vegna mögulegrar breyttrar afmörkunar aðalgatna og kjarna og innbyrðis mörk landnotkunarsvæða innan miðborgarinnar. Annarsvegar er því um að ræða áhrif almennra breytinga er varða þróun borgarinnar og almannahagsmuni allra Reykvíkinga og hinsvegar breytingar sem varða hagsmuni íbúa og rekstraraðila í nærumhverfi á einstaka svæðum.

Við mat á umhverfisáhrifum breytinga og athugun á samræmi þeirra við megin markmið aðalskipulagsins og aðra stefnumörkun, verður einkum horft til eftirfarandi atriða:

1. Styðja breytingar á einstökum skipulagsákvæðum við megin markmið aðalskipulagsins, s.s. að vernda íbúasamfélag hverfanna og að stuðla að fjölbreyttari verslun og þjónustu og mannlífi innan hverfanna?
2. Geta stakar breytingar haft neikvæð áhrif á aðliggjandi byggð, einkum íbúðarbyggð í næsta nágrenni?
3. Geta breytingar verið íþyngjandi fyrir rekstraraðila á einstökum svæðum og/eða hamlað nýliðun starfsemi á viðkomandi svæði?
4. Hvernig samræmast breytingar stefnumörkun í öðrum málaflokkum á vegum Reykjavíkurborgar?

7. Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Umræddar breytingar eru almennt staðbundnar eða eru vegna breytts lagaumhverfis um veitinga- og gististaða. Þær varða því ekki beinlínis stefnu svæðisskipulagsins. Almennt þrengri heimildir um gististaði í Reykjavík gætu til lengri tíma litið, styrkt uppbyggingarmöguleika ferðaþjónustu í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

8. Samráð og kynningar

Hér að neðan er aðeins gerð grein fyrir helstu skrefum í mótun breytingartillagna, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum:

- Áherslur og fyrirkomulag endurskoðunar kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslag). Verklýsing verður auglýst í fjölmiðlum, send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg á vef borginnar. Gefinn verður ákveðinn frestur á að koma með ábendingar og athugasemdir. Desember 2016.
- Drög að breytingartillögum kynnt opinberlega (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Haldinn verður opinn fundur/opið hús sem auglýstur verður í fjölmiðlum. Drögin verða send áður til skilgreindra hagsmunaaðila (kafli 9). Drögin verða gerð aðgengileg á vefnum áður en kemur til opinberrar kynningar. Janúar 2017
- Aðalskipulagsbreyting samþykkt í auglýsingu og send til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Janúar-Febrúar 2017
- Aðalskipulagsbreyting auglýst og óskað formlega eftir athugasemdum. Breytingartillögur kynntar í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Febrúar – Mars 2017.

Þessu verður gætt í kynningar- og samráðsferli vinnslutillagna, sérstaklega ef um staðbundnar breytingar er að ræða, að upplýsa hverfisráð, íbúasamtök og aðra hagsmunaaðila á viðkomandi svæði.

8. Umsagnaraðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar verða a.m.k. eftirtaldir:

Hverfisráð Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar (eftir atvikum önnur hverfisráð)
Íbúasamtök Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða
Miðborgin okkar
Samtök atvinnulífsins
Samtök ferðaþjónustunnar
Ferðamálastofa
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Aðliggjandi sveitarfélög
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Skipulagsstofnun
Starfshópur um heimagistingu
Höfuðborgarstofa

9. Viðaukar

1. Lög um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Lög

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi).

_____

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „til lengri eða skemmri tíma“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: að hámarki í 30 daga samfleytt í senn.
b. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimagisting er gisting gegn endurgjaldi á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Fjöldi útleigðra daga í báðum eignum samanlagt skal ekki fara yfir 90 daga á hverju almanaksári eða samanlagðar tekjur af leigu eignanna skulu ekki nema hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.
c. Í stað flokka IV og V í 3. mgr. kemur einn nýr flokkur, Flokkur IV, svohljóðandi: Gististaður með áfengisveitingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 4. gr. laganna:

a. Flokkur II orðast svo: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.
b. Flokkur III orðast svo: Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist, og staðir sem kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

3. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 18. gr.“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 17. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „hæfi“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: hæfni.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir gistiflokka II–IV og veitingastaðaflokka II og III skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af leyfisveitanda.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 8. gr. laganna:

a. Orðið „annarra“ í a-lið fellur brott.
b. Í stað fjárhæðarinnar „500.000 kr.“ í g-lið kemur: 1.000.000 kr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Útgáfa rekstrarleyfis samkvæmt lögum þessum er háð því að kröfur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli séu uppfyllt og, eftir því sem við á, að starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga fáist fyrir þeirri starfsemi sem umsókn lýtur að.

b. 1. tölul. 4. mgr. orðast svo: Sveitarstjórnar sem m.a. staðfestir eftirfarandi atriði:
   a. að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála,
   b. að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu,
   c. að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um,
   d. að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist,
   e. að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.

c. 2., 3. og 5. tölul. 4. mgr. falla brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Rekstrarleyfi til starfsemi samkvæmt lögum þessum skal vera ótímabundið. Leyfishafi skal tafarlaust og í samræmi við 2. mgr. 12. gr. tilkynna leyfisveitanda að hann hyggist hætta hinni leyfisskyldu starfsemi.

b. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
c. Orðin „gildistími leyfis“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Í rekstrarleyfi skal koma fram númer sem leyfisveitandi úthlutar leyfishafa. Leyfishafi skal nota númerið í allri markaðssetningu á starfsemi sinni, svo sem í auglýsingum, á vefsíðum og bókunarsíðum, innlendum sem erlendum.

9. gr.

1. málsl. 6. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

13. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skráningarskylda.

Hver sem hyggst bjóða upp á heimagistingu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. skal tilkynna sýslumanni í viðkomandi umdæmi að hann hyggist leigja út lögheimili sitt eða eina aðra fasteign í sinni eigu. Aðila ber að staðfesta við skráningu að húsnæðið uppfylli kröfur í reglugerð um brunavarnir, það hafi hlotið samþykki sem íbúðarhúsnæði og að húsnæðið sé fullnægjandi með tilliti til hollustuhátta samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Endurnýja þarf skráningu á ári hverju og við lok hvers almanaksárs skal aðili með skráða heimagistingu skila til sýslumanns yfirliti yfir þá daga sem húsnæði var leigt út ásamt upplýsingum um leigutekjur. Skil á upplýsingum skv. 1. málsl. er skilyrði fyrir endurnýjun skráningar á næsta almanaksári. Sýslumanni er heimilt að senda upplýsingar skv. 1. málsl. til skattyfirvalda.

Við skráningu heimagistingar skal sýslumaður úthluta aðila númeri skráningar og ber aðila að nota númerið í allri markaðssetningu og kynningu, þ.m.t. á vefsíðum, bókunarsíðum, á sjálfri fasteigninni og í auglýsingum hvers konar.

Um skráningarskylda aðila gilda, eftir því sem við á, ákvæði 19. og 26. gr.

Heimagisting sem uppfyllir skilyrði laga þessara telst ekki fara fram í atvinnuhúsnæði í skilningi laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd skráningarskyldu, upplýsingar sem veita skal og kröfur til notkunar skráningarnúmers. Ráðherra er í reglugerð enn fremur heimilt að kveða á um að öll skráning, vinnsla og/eða allt eftirlit með heimagistingu geti farið fram hjá einu sýslumannsembætti.

11. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Leyfisveitingar og skráningarskylda.**

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðið „jafnframt“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðin „þótt leyfistími sé ekki liðinn“ í 1. málsl. 6. mgr. falla brott.
d. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumanni er heimilt að fella niður rekstrarleyfi hafi ekki verið nein starfsemi af hálfu leyfishafa á þeim veitingastað, gististað eða skemmtistað sem fram kemur í leyfinu í samfellt tólf mánuði. Skal leyfishafa tilkynnt skriflega um að niðurfelling standi til og honum heimilað að gera athugasemdir við niðurfellinguna. Sýslumanni er heimilt að senda tilkynningar samkvæmt ákvæði þessu með rafrænum hætti á netfang leyfishafa.

13. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Afskráning og synjun skráningar.

Sýslumaður skal afskrá heimagistingu verði aðili uppvís að því að leigja út húsnæði sitt til lengri tíma en 90 daga á ári hverju eða fyrir hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt.

Áður en kemur til afskráningar skal sýslumaður senda skráningaraðila tilkynningu þar um þar sem fram kemur tilefni afskráningar og skal skráningaraðila gefinn frestur til að andmæla eða bæta úr annmörkum sé það mögulegt.

Sýslumaður skal enn fremur synja um skráningu hafi heimagisting ítrekað verið afskráð, nýtingaryfirliti og upplýsingum um leigutekjur ekki verið skilað eða aðili ítrekað misnotað skráningu sína.

Sýslumanni er heimilt að senda tilkynningar samkvæmt ákvæði þessu með rafrænum hætti á uppgefið tölvupóstfang skráningaraðila.

14. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Synjun, brottfall, afturköllun og svipting rekstrarleyfis og afskráning.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Orðin „og eru til þess fallnir að valda ónæði, svo sem vegna hávaða“ í 1. mgr. falla brott.
b. 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Sækja þarf um tækifærisleyfi til áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftar en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tækifærisleyfi til áfengisveitinga má þó samþykkja sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

   Ekki þarf tækifærisleyfi fyrir einkasamkvæmum.
d. Í stað orðanna „einnar viku“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: þriggja vikna.
e. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Leyfisveitandi getur bundið leyfi eftirfarandi skilyrðum að fengnum umsögnum lögreglustjóra, heilbrigðisnefnda, sveitarstjórnar, slökkviliðs og eftir atvikum annarra umsagnaraðila skv. 10. gr.
f. Í stað orðsins „hann“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: lögreglustjóri.
g. Á eftir orðinu „lögreglumenn“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: eða öryggisvakt slökkviliðs.
h. Á eftir orðinu „lögreglustjóri“ í 4. tölul. 3. mgr. kemur: eða slökkviliðsstjóri.
i. 4. mgr. fellur brott.

16. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Leyfisveitandi skal enn fremur birta lista yfir skráða heimagistingu í miðlægu kerfi og á heimasíðu sinni. Nánar skal kveðið á um birtingu upplýsinga í reglugerð.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sýslumenn skulu hafa eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum, svo sem varðandi skráningarskyldu, tímalengd útleigu í heimagistingu og skil á nýtingaryfirliti og upplýsingum um leigutekjur. Sýslumenn geta leitað atbeina lögreglu við eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum. Þá skulu sýslumenn einnig sinna eftirliti með notkun á leyfisnúmeri í rekstrarleyfisskyldri starfsemi, sbr. 4. mgr. 11. gr.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi leyfisveitanda ef fyrirhuguð er svipting starfsleyfis eða ef starfsemi uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til heimagistingar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og um frávik sem koma fram í eftirliti. Leyfisveitandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd ef fyrirhuguð er svipting rekstrarleyfis eða afskráning heimagistingar.
c. Á eftir orðunum „rekstur leyfishafa“ í 4. mgr. kemur: eða skráðs aðila; og í stað orðanna „endurnýjun þess“ í sömu málsgrein kemur: skráningu.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn 4. mgr. 4. gr. um nektarsýningar eða 5. gr. um dvöl ungmenna á veitingastöðum eða rekur leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis, sbr. 7., 12. og 17. gr., skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Hver sá sem rekur heimagistingu án skráningar skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
c. Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. og 4. mgr. kemur: 1.–3. mgr.

20. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Stjórnvaldssektir.

Sýslumaður getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem rekur heimagistingu án skráningar skv. 13. gr., stundar útleigu lengur en 90 daga á hverju almanaksári eða fyrir hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt.

Einnig er sýslumanni heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem ekki notar númer rekstrarleyfis eða skráningar í markaðssetningu skv. 4. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 13. gr.

Stjórnvaldssektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvert brot, eru aðfararhæfar og skulu renna í ríkissjóð. Við ákvörðun sekta skal tekið tillit til alvarleika brots.

Gjalddagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum má beita óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Aðili máls getur skotið ákvörðun sýslumanns um stjórnvaldssektir til ráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot til ráðherra frestar aðför.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðin „útrunnið rekstrarleyfi hefur ekki verið endurnýjað“ í a-lið 1. mgr. falla brott.
b. Í stað „18. gr.“ í c-lið 1. mgr. kemur: 17. gr.
c. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Þegar rökstuddur grunur er um að fram fari nektarsýningar eða að með öðrum hætti sé gert út á nekt starfsmanna eða annarra sem eru á staðnum.
d. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Sýslumaður getur farið fram á að lögreglustjóri, án fyrirvara eða aðvörunar, stöðvi skráningarskylda starfsemi sem fram fer án skráningar. Heimilt er að útfæra þetta úrræði nánar í reglugerð.

22. gr.

Í stað orðanna „Um gjald“ í 24. gr. laganna kemur: Um skráningargjald og gjald.

23. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögunum falla brott.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2017.

25. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum:

a. 20. tölul. orðast svo: Gistileyfi og skráningargjald skv. 3. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
   a. flokkur I (skráningargjald) ..... 8.000 kr.
   b. flokkur II ..... 30.000 kr.
   c. flokkur III ..... 38.000 kr.
   d. flokkur IV ..... 250.000 kr.
b. 21. tölul. orðast svo: Veitingaleyfi skv. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
   a. flokkur II ..... 200.000 kr.
   b. flokkur III ..... 250.000 kr.
c. 22. tölul. orðast svo: Tækifærisleyfi fyrir skemmtun skv. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ..... 10.000 kr.
d. 23. tölul. orðast svo: Tækifærisleyfi fyrir áfengisveitingar skv. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ..... 31.500 kr.
e. 24. tölul. fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Öll rekstrarleyfi sem gefin hafa verið út á grundvelli laga nr. 85/2007 halda gildi sínu fram að endurnýjun samkvæmt leyfisbréfi enda komi ekki til niðurfellingar eða sviptingar. Þegar leyfi hefur runnið út skal sækja um nýtt rekstrarleyfi á grundvelli laganna.

II.

Þegar kemur að lokum gildistíma er leyfisveitanda heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og giltu um hið fyrra leyfi til allt að þriggja mánaða. Á gildistíma bráðabirgðaleyfis skal leyfishafi sækja um nýtt leyfi á grundvelli nýrra laga eða skrá starfsemi sína í samræmi við ákvæði þar um. Einungis er heimilt að framlengja bráðabirgðaleyfi ef umsækjanda verður ekki kennt um tafir á útgáfu nýs leyfis eða skráningu.

———————

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2016.

3rd meeting of the cities' network on Governance and Management of Urban Tourism
Theme: Home sharing and vacational rental
Convened by Barcelona City Council (Tourism Department) with the support of the Berlin Senat Department for Urban Development
Berlin, 9 March 2017

SURVEY: The regulation of short-term vacation rentals - overview of the situation in participating European cities
Working document version 7/03/2017

The information listed here is indicative and does not have legal value. It was gathered through a survey of interested cities whose representatives participated in the 1st meeting of the cities' network on Governance and Management of Urban Tourism [Theme: Home sharing and vacational rental] organised by the Barcelona City Council in Barcelona on 3-4 November 2016. After this meeting, the following template was sent to the participating cities' representatives, and responses were received between January and 7 March 2017 from the following cities:

- Amsterdam
- Barcelona
- Berlin
- Donostia/San Sebastián
- Madrid
- Munich (München)
- Paris
- Reykjavik
- Santiago de Compostela
- Stockholm
- Vienna (Wien)

The information was edited and compiled by Claire Colomb, Assoc. Professor of urban planning and urban sociology at University College London, the Bartlett School of Planning (contact: c.colomb@ucl.ac.uk), on behalf of the Tourism Department of Barcelona City Council (contact: rosa.bada@barcelonactiva.cat). A comparative analysis of these regulations will be presented at the 3rd meeting of the cities' network on Governance and Management of Urban Tourism [Theme: Home sharing and vacational rental] convened by Barcelona City Council (Tourism Department) with the support of the Berlin Senat Department for Urban Development in Berlin, 9 March 2017.

TEMPLATE: for each city, the template includes 2 tables (one for regulations, one for implementation).

For the sake of clarity we distinguished between **3 broad types of short-term vacation rentals**, which are often subject to different types of regulations:

1) **Commercial short-term vacation rentals**: renting out a full property not used as a primary residence on a commercial basis to visitors staying for periods of less than 31 days (or another short time period) (predominantly, but not exclusively, for tourism-related short stays).
2) **Temporary rental of primary residence:** renting out an entire dwelling which is the host's primary residence while the host is away on a temporary basis (in some cities, this case is considered a sub-category of the above-mentioned category).
3) **Partial home rental:** renting out a portion of the host's primary residence (one or more rooms) while the host is present (so-called "home-sharing").

Note 1: Depending on the regulations in place in your city, sometimes 2 of these 3 categories will fall under the same regulation(s) (for example 1 and 2, or 2 and 3).
Note 2: in this document we exclude home swaps or hosting practices which do not involve any monetary transaction.
Note 3: Under the rubric "taxation", we only focus on locally-levied and applicable taxes that accrue to the city (e.g. tourist tax), not on general income tax.

Table 1: REGULATIONS

REGULATIONS	Overall strategy on the collaborative economy	Direct regulation of short-term vacation rentals through tourism regulations or other purpose-made regulations										Land use planning & building use regulations (including general housing/residential use regulations)		Specific taxation
		Overarching legislation or regulation	Length of guest's stay (min.-max.)	Max. period of letting by owner	Type of residence (primary, second home, investment property)	License or permit required for activity + Registration of property with public authorities	Presence of host required	Max. no. of guests + size rented out	Tenant: Permission from landlord	Owner: Permission from owners' association or co-op	Safety/ security requirements	Regulations on the change of use from residential to short-term rental	Geographical restrictions on the type (and amount) of specific uses in particular urban areas	Local tourist or transient occupancy tax due
YOUR CITY		COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:												

		TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE: **If this category falls under the same regulations applying to COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS, simply mention: Ibid.** **If not, specify the different regulations.**												
		PARTIAL HOME RENTAL:												

Table 2: IMPLEMENTATION: RELATIONSHIPS WITH PLATFORMS and ENFORCEMENT

	Relationship with platforms				Enforcement			
IMPLEMENTATION	**Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations**	**Requirement for data release and listings disclosure to public authorities**	**Requirement for tax collection**	**Fines for non-compliance (liability for illegal ads)**	**Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints**	**Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)**	**Sanctions and fines on flat owners**	**Data monitoring**

YOUR CITY								

AMSTERDAM

Table 1: REGULATIONS

REGULATIONS	Overall strategy on the collaborative economy	Direct regulation of short-term vacation rentals through tourism regulations or other purpose-made regulations										Land use planning & building use regulations (including general housing/residential use regulations)		Specific taxation
		Overarching legislation or regulation	Length of guest's stay (min.-max.)	Max. period of letting by owner	Type of residence (primary, second home, investment property)	License or permit required for activity + Registration of property with public authorities	Presence of host required	Max. no. of guests + size rented out	Tenant: Permission from landlord	Owner: Permission from owners' association or co-op	Safety/ security requirements	Regulations on the change of use from residential to short-term rental	Geographical restrictions on the type (and amount) of specific uses in particular urban areas	Local tourist or transient occupancy tax due
AMSTERDAM	Action Plan on the Sharing Economy 2016	**COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:** Short-stay policy rules 2014 Ordinance on housing *Huisvestingsverordening 2016* Housing law *Huisvestingswet*	7 nights - 6 months	No max	Second homes or investment properties	YES Short-stay permit, or possibility in zoning plan for new buildings	NO	4 Whole residence	Not allowed	Needed	Compliance with fire regulations	n/a	n/a	5% of daily rate
		PARTIAL HOME RENTAL AND TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE: Holiday letting policy (*Vakantieverhuur*)	1 night	60 days per year	Primary residence, owned Not allowed for housing corporations	NO	NO	4 Whole residence or part thereof	Needed, but not allowed for tenants of housing corporations	Needed	Compliance with fire regulations + use 'safely and honestly without causing nuisance'	n/a	n/a	5% of daily rate

		PARTIAL HOME RENTAL: BED AND BREAKFAST Ordinance on housing *Huisvestingsverordening 2016*	1 night	No max	Primary residence, owned or tenant	YES notification required	YES	Max 40 % of the residence Max 4 guests		Needed	Compliance with fire regulations	--	--	5% of daily rate

Table 2: IMPLEMENTATION: RELATIONSHIPS WITH PLATFORMS and ENFORCEMENT

IMPLEMENTATION	Relationship with platforms				Enforcement			
	Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations	**Requirement for data release and listings disclosure to public authorities**	**Requirement for tax collection**	**Fines for non-compliance (liability for illegal ads)**	**Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints**	**Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)**	**Sanctions and fines on flat owners**	**Data monitoring**
AMSTERDAM	The council signed an agreement with Airbnb in 2014. New agreement signed with AirBnB starting on 1/01/2017: Airbnb caps the rental at 60 days, unless hosts prove they have permission from the city for permanent rental. Platforms play an educational role for hosts and community members	Yes, in the new agreement Airbnb will provide individual data to the city when asked for it, to complete a report on illegal rental.	Collection of tourist tax by Airbnb	Both home owners and intermediate companies can be fined for illegal rent.	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website and hotline (e.g. to denounce suspected "illegal hotels")	45 inspectors	Fines from €12,000 onwards. Sanctions: closing, eviction	Since April 2016: City Council uses digital investigation techniques ("scraping") to automatically collect content from Airbnb's booking database: looking for landlords who no longer live in their homes, rent multiple properties, rent for over 60 days/year, or to more than 4 people at once.

BARCELONA

Table 1: REGULATIONS - Barcelona

REGULATIONS	**Overall strategy on the collaborative economy**	**Direct regulation of short-term vacation rentals through tourism regulations or other purpose-made regulations**										**Land use planning & building use regulations (including general housing/residential use regulations)**		**Specific taxation**
		Overarching legislation or regulation	**Length of guest's stay (min.-max.)**	**Max. period of letting by owner**	**Type of residence (primary, second home, investment property)**	**License or permit required for activity + Registration of property with public authorities**	**Presence of host required**	**Max. no. of guests + size rented out**	**Tenant: Permission from landlord**	**Owner: Permission from owners' association or co-op**	**Safety/ security requirements**	**Regulations on the change of use from residential to short-term rental**	**Geographical restrictions on the type (and amount) of specific uses in particular urban areas**	**Local tourist or transient occupancy tax due**

BARCELONA	No binding strategy 2014: Catalan government, position on the collaborative economy 2016: National Commission of Markets and Competition, preliminary report April 2016: Catalan government, creation of Interdepartmental Commission for the Collaborative Economy	**COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS (incl. TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE):** Government of Catalonia: Law 13/2002 + Decree 159/2012, 'housing for touristic use' (HUT) Short-term rental accommodation falls into the HUT category if rented as a whole unit	Up to 31 days	No maximum.	Whole residence, furnished and fully available	License required to rent less than 31 days repeatedly. Register number given by Tourism Register of Catalonia, must appear on all adverts	No	Whole residence (no. of people depending on the "Certificate of occupancy")	Sub-letting not allowed	NO But owner's association can decide a blanket ban on the use of flats as housing for touristic uses in a residential building through a change in their bylaws	"Certificate of occupancy" similar to the one necessary for regular residential home. Comunication of guest ID + 24h available phone for emergencies	Primary residential use not allowed simultaneously with the touristic use If property rented for more than 31 days at a time, then contract falls as temporary renting under the National Law of Urban Leases (LAU)	Caps on new licences all over the city through PEUHUT (1/4/2016). PEUAT, Special Plan on tourist accommodation, approved Jan. 2017, binding since 6 March 2017 http://ajuntament.barcelona.cat/pla-allotjaments-turistics/en/ Urban planning instrument to control tourist accommodation (HUT) in the city: zero growth for the whole city. It defines 4 specific areas with their own regulations. To avoid excessive numbers and guarantee a balanced territorial distribution, when a HUT ceases its activity in a congested area, a new licence will be permitted in uncongested areas or accommodation regrouping in the maintenance or growth areas.	€0.65/night in Barcelona (€0.45 elsewhere)

		PARTIAL HOME RENTAL: Government of Catalonia: Regulation proposed in July 2016 under discussion, NOT APROVED YET: Renting out of rooms would be allowed subject to rules "neither legal nor illegal"			Primary residence: part thereof	License required to rent less than 31 days two or more times per year. Register number given by Tourism Register of Catalonia, must appear on all adverts	YES	2 rooms max. + max. 10 guests depending on the "Certificate of occupancy" of the entire flat	Yes, permission required. License must be owned by the landlord		"Certificate of occupancy" similar to the one necessary for regular residential home			€0.65/night in Barcelona (€0.45 elsewhere)

Table 2: IMPLEMENTATION: RELATIONSHIPS WITH PLATFORMS and ENFORCEMENT

IMPLEMENTATION	Relationship with platforms				Enforcement			
	Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations	**Requirement for data release and listings disclosure to public authorities**	**Requirement for tax collection**	**Fines for non-compliance (liability for illegal ads)**	**Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints**	**Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)**	**Sanctions and fines on flat owners**	**Data monitoring**
BARCELONA	Platforms must adhere to advertising requirement that properties must include registration number with clear liability as intermediates.	Yes 36.1 34/2002 LSSI (Informational Society Services Spanish Law) Art. 73.5 Law of Tourism 16/2002 (Catalan Law)	Not directly through platforms. Tax collected directly by the owners or firms and transferred to the Government of Catalonia	- July 2014: Catalan government fined 8 letting sites €30,000 euros for advertising rooms and non-registered apartments. - December 215: Barcelona fined 2 platforms for advertising non-registered apartments and for not attending to information requirement. - Nov. 2016: city government fined AirBnB and Homeway €600,000 each for advertising illegal listings (3,812 and 1,744 properties respectively).	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website. http://meet.barcelona.cat/habitatgesturistics/en/ Online tool for general public to check if a flat has a license to operate as short term rental: http://meet.barcelona.cat/habitatgesturistics/en/	City of Barcelona: 20 agents from the central enforcement direction and 6 agents at the District level + 20 *visualitzadors*: agents able to detect potential illegal activities but with no permission to start legal pursuits. New measure under development: to reach 110 agents by 2018**.** Target: in 2019, more than 3,000 closing orders.	Sanctions between €3,000 and €30,000 for the first lawsuit. Up to €600,000 for recidivists according to the Tourism Law 16/2002. More than 1,500 disciplinary proceeding in 2015/2016.	Since 2016: the municipal government publishes the list of authorized commercial short-term vacation rentals Use of digital investigation techniques ("scrapping") to investigate online booking databases and identify illegal adverts

BERLIN

Table 1: REGULATIONS

REGULATIONS	Overall strategy on the collaborative economy	Direct regulation of short-term vacation rentals through tourism regulations or other purpose-made regulations										Land use planning & building use regulations (including general housing/residential use regulations)		Specific taxation
		Overarching legislation or regulation	Length of guest's stay (min.-max.)	Max. period of letting by owner	Type of residence (primary, second home, investment property)	License or permit required for activity + Registration of property with public authorities	Presence of host required	Max. no. of guests + size rented out	Tenant: Permission from landlord	Owner: Permission from owners' association or co-op	Safety/ security requirements	Regulations on the change of use from residential to short-term rental	Geographical restrictions on the type (and amount) of specific uses in particular urban areas	Local tourist or transient occupancy tax due
BERLIN	No, not at the local level	**COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS (including TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE):** Law of 1/05/2014: renting of residential apartments for commercial or tourist uses subject to permit	none	none	Primary home, investment property	YES Only with License or permit as a certificate of exemption from the Law on the Prohibition of Misuse of Housing	NO	NO	YES	NO	YES	Senate Department for Urban Development: 1/05/2016 *Zweckentfremdungsverbot* (Law on the Prohibition of Misuse of Housing) came into force - ban on changes of use for housing to ensure housing is used exclusively for permanent residence.	Law applies to the whole of Berlin. License decided at district level – very few new permits given. Officials for popular districts such as Mitte have announced they will reject 95% of permit requests	City tax: 5% of rate per night but only for private stays. Business-related stays are tax free.
		PARTIAL HOME RENTAL:	none	none	Primary residence: Home owners are allowed renting out less than 50 per cent of their apartment on a short term basis if they using more than	NO	No, but host must use the majority of the apartment for own housing	Rooms of no more than 50% of floorspace	YES	NO	NO			City tax: 5% of rate per night but only for private stays. Business-related stays are tax free.

					50 per cent for their own housing needs.									
		Secondary residence RENTAL:	none	none	Secondary residence	Licence is required and can be passed to home owners of secondary homes	No, but the host must use apartment a significant time of the year for his own housing needs. While apartment is not being used by owner, it can be rented out on a short term basis. Home owners must prove times of self-use to local authorities.	no	yes	no	no			City Tax: 5 per cent on the price per night but only for private stays. Business related stays are tax free.

Table 2: IMPLEMENTATION: RELATIONSHIPS WITH PLATFORMS and ENFORCEMENT

IMPLEMENTATION	Relationship with platforms				Enforcement			
	Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations	**Requirement for data release and listings disclosure to public authorities**	**Requirement for tax collection**	**Fines for non-compliance (liability for illegal ads)**	**Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints**	**Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)**	**Sanctions and fines on flat owners**	**Data monitoring**
BERLIN	No	Platforms can be forced by local authorities to deliver data on the host of apartments such as names and addresses.	Not directly through platforms. The City Tax is being collected directly by the owners or firms and is transferred to the Government of Berlin Bureau for Taxation	July 2016: Up to €100,000 for advertising apartments without permission.	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website.	60 employees at the district level	Monetary fines up to €100,000 to homeowners or hosts. If flats are illegally used as short-term vacation rentals: district office has power to evict tenants and require that housing be reinstated into residential market at the owner's expense. From May 2014 to February 2016, approximately 6,300 apartments had been registered and about 1,200 possible violations had been identified.	None

DONOSTIA/SAN SEBASTIÁN

Table 1: REGULATIONS

REGULATIONS	Overall strategy on the collaborative economy	Direct regulation of short-term vacation rentals through tourism regulations or other purpose-made regulations										Land use planning & building use regulations (including general housing/residential use regulations)		Specific taxation
		Overarching legislation or regulation	Length of guest's stay (min.-max.)	Max. period of letting by owner	Type of residence (primary, second home, investment property)	License or permit required for activity + Registration of property with public authorities	Presence of host required	Max. no. of guests + size rented out	Tenant: Permission from landlord	Owner: Permission from owners' association or co-op	Safety/ obligatory security requirements	Regulations on the change of use from residential to short-term rental	Geographical restrictions on the type (and amount) of specific uses in particular urban areas	Local tourist or transient occupancy ta
DONOSTIA/ SAN SEBASTIÁN		**COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:** Basque Government Law: 13/2016, of 28th July (Specific order not developed yet) Donostia / San Sebastián Town Hall regulation	Up to 31 days twice or more times in a year	No maximum	Any type of houses offered temporarily as a tourist service directly or by any other way in exchange for remuneration	"Declaration of Responsibility" Document + Certificate of Occupancy + Register with the Basque Government Tourism Registration service	NO	Max fixed by Basque Government Housing Law 3/2015, art. 62,2 + Whole residence	Sub-letting not allowed	No permission needed	Safety requirements necessary (not fixed yet)	Primary residential use not allowed simultaneously with the touristic use If property rented for more than 31 days at a time, then contract falls as temporary renting under the National Law of Urban Leases (LAU)	Local Government law doesn't allow commercial uses on 2nd floor or above.	NO
		TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE:												

		PARTIAL HOME RENTAL: Basque Government Law: 13/2016, of 28th July (Specific order not developed yet)	Up to 31 days in a row	No maximum	Primary houses	"Declaration of responsibility" document	Yes	It will be limited by the new Basque Government Order (not fixed yet)	Tenant must communicate the activity to Landlord	No permission needed	Safety requirements necessary (not fixed yet)		No restrictions	NO

Table 2: IMPLEMENTATION: RELATIONSHIPS WITH PLATFORMS and ENFORCEMENT

IMPLEMENTATION	Relationship with platforms				Enforcement			
	Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations	**Requirement for data release and listings disclosure to public authorities**	**Requirement for tax collection**	**Fines for non-compliance (liability for illegal ads)**	**Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints**	**Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)**	**Sanctions and fines on flat owners**	**Data monitoring**
DONOSTIA/ SAN SEBASTIÁN	Platforms must register in the Basque Tourism Enterprises Register to obtain the registration number, needed for legal advertising.		No taxes for the moment					

MADRID

Table 1: REGULATIONS

